



BUBBI MORTHENS
SPILAR EKKI ÓSKALÖG Á ÚTGÁFUTÓNLEIKUM

Kýs að lifa í núinu

FÓLK 34



ÁGÆTIS HLUTUR
FRÁ NYLON

EKKERTIL SPARAÐ Á NÝJU PLÖTUNNI

TÓNLIST 70



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. nóvember 2005 — 308. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Bjartsýni um samkomulag

Fulltrúar atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar telja ekki ólíklegt að samkomulag náist í samningaviðræðum Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands áður en fresturinn rennur út á miðnætti annað kvöld. „Ég tel að það hafi þokast í viðræðunum,“ segir Ari Edwald, framkvæmdastjóri SA.

KJARASAMNINGAR Bjartsýni ríkir um að samkomulag náist í samningaviðræðum Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands. Forsendunefndin hittist aftur eftir hádegi í dag en fyrir hádegi ræða fulltrúar nefndarinnar við sína heimamenn innan ASÍ og SA.

„Ég tel að það hafi þokast í viðræðunum en get samt ekki tíund að neitt öðru fremur. Það er bara verið að vinna í þessu og skoða alla þætti,“ sagði Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnu-

lífsins, um niðurstöðu fundar forsendunefndarinnar í gær.

„Það er ekki komin niðurstaða en ég geri mér vonir um að hún náist samt sem áður. Það er margfalt meira hagsmunamál fyrir launþega og efnahagslífið í heild að ná saman. Mér finnst í raun fráleit niðurstaða fyrir okkur öll að missa málið út í það fen að ná ekki saman og segja upp samningum. Öll tíðindi úr umhverfinu finnst mér að styðji það frekar en ekki að niðurstaða eigi að geta náðst.“

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, vildi ekkert segja um viðræðurnar í gærkvöld. „Það eru engin tíðindi af fundinum og lítið frá að segja. Við erum bara að vinna að þessu með sama hætti og áður og erum að ræða allt málið, ekkert öðru fremur. Það eru alltaf að fæðast og deyja tillögur og lítið frá því að segja. Vö þessar aðstæður er rangt að fara að tunda það.“

Frestur til að segja upp kjarasamningum á almennum markaði rennur út á miðnætti annað kvöld

og eru enn stór mál ófrágengin. Verkalýðshreyfingin hefur lagt áherslu á samkomulag um launahækkun, atvinnuleysistryggingar og myndarlegri aðkomu stjórnvalda að örorkubótum á almennum markaði en örorkubyrðin á markaðnum í heild sinni nemur um 3,5 milljörðum króna. Þá er stefnt að löggjöf um starfsmannaleigur og myndarlegan kraft í aukna möguleika á endurmenntun. Samkvæmt heimildum blaðsins er verkalýðshreyfingin bjartsýn.

ghs@frettabladid.is

Oft erfitt en alltaf skemmtilegt

Hólmfríður Karlsdóttir var valin ungrú heimur fyrir tutugu árum.



TÍMAMÓT 18

Flytur Da Vinci lykilinn út fyrir landsteinana

Námskeið séra Þórhalls Heimissonar um Da Vinci lykilinn eftir Dan Brown vekja mikla lukku. Nú vilja brottfluttir Íslendingar fá sitt námskeið.



FÓLK 34

Listahátíð í Neskirkju

Steingrímur Þórhallsson vonast til þess að hátíðin muni vaxa og dafna ár frá ári en fyrsta hátíðin var haldin í fyrra.


MENNING 22

Atvinnumennska á næsta leiti

Teitur Þórðarson, þjálfari KR, segir að ef fram heldur sem horfir muni atvinnumannafélög verða starfrækt í íslenski knattspyrnu innan fimm ára.

ÍDRÓTTIR 28

VEÐRIÐ Í DAG



ÞAÐ VERÐUR NORÐVESTANÁTT í dag, hæg í fyrstu en bætir eitthvað í vind þegar liður á daginn. Það kólnar aftur og frýstir víða í dag. El fyrir norðan en þurr syðra.

VEÐUR 4



EDDAN VEITT Ilmur Kristjánsdóttir var valin besti leikarinn í aðalhlutverki fyrir Stelpurnar á Edduhátíðinni í gærkvöld. Kvikmyndin Voksne mennesker eftir Dag Kára hlaut fern verðlaun, var meðal annars valin mynd ársins. Pálmi Gestsson var valinn besti leikarinn í aukahlutverki fyrir Áramótaskaup Sjónvarpsins. Ágústa Eva Erlendsdóttir, Sívía Nótt, hlaut tvenn verðlaun, sem sjónvarpsmaður ársins og fyrir besta sjónvarpsþáttinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Edduverðlaunin afhent: Guðfaðirinn heiðraður

VERÐLAUN Edduverðlaunin voru veitt í sjöunda sinn við hátíðlega athöfn á Hótel Nordica í gærkvöld. Við það tækifæri var Vilhjálmur Hjálmarsson úr Mjóafirði, fyrrum menntamálaráðherra, heiðraður.

„Það má segja að hann sé guðfaðir greinarinnar því hann var sá sem endanlega kom því í gegn að Kvikmyndasjóður og Kvikmyndasafn voru sett á lagirnar árið 1978 og án þessara stofnana væri bransinn ekki til,“ segir Ásgrímur Sverrisson, stjórnarmaður í Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunni.

„Það sem er einkennandi fyrir þessa hátíð í ár er þessi alþjóðlegi blær á tilnefningunum sem er bara staðfesting á því hvað íslensk kvikmyndagerð er orðin alþjóðleg,“ segir Ásgrímur.

Vel á annað hundruð manns komu að þessari hátíð sem er sú stærsta sem haldin hefur verið. „Hún hefur stækkað á hverju ári og er nú orðin helmingi stærri en hún var á sínu fyrsta ári,“ segir Ásgrímur og hvarf svo í mannhafið á Hótel Nordica í gærkvöld.

-jse

Óvenjulegur jólamatseðill á Narfeyrarstofu í Stykkishólmi:

Reykt kengúra og strútur í boði

STYKKISHÓLMUR Veitingastaðurinn Narfeyrarstofa í Stykkishólmi ætlar að bjóða upp á kengúru, dádýr og lynghænu á fjögurra rétta matseðli í stað hefðbundins jólahlaðborðs á adventunni.

„Við ætlum að leika okkur með framandi hráefni og vera með kengúru, dádýr, lynghænu og kannski strútskjöt. Við gerðum þetta líka í fyrra og buðum fólki þá að smakka dúfu í mismunandi útfærslu á adventunni,“ segir Sæþór H. Þorbergsson, matreiðslumeistari á Narfeyrarstofu.

Sæþór segir að þau hjónin hafi ákveðið í fyrra að jólahlaðborðin væru komin á endastöð og ákveðið að leyfa fólki að prófa eitthvað nýtt. Þau fá hráefnið í gegnum



birgja í Reykjavík og ætli að búa til fjórrétta jólamatseðil.

„Ég er nokkuð viss um að við komum til með að reykja kengúruna. Dádýrið verður aðalréttur því að við erum með svo góða steik, lund úr dádýrinu. Lynghænan verður ábyggilega milliréttur og svo eigum við eftir að búa til skemmtilegan eftirrétt sem fer vel með þessu. Við erum ekki enn dottin niður á hann,“ segir Sæþór.

Narfeyrarstofa er í 100 ára gömlu húsi í Stykkishólmi.

KENGÚRA OG JAFNVEL STRÚTSKJÖT Sæþór H. Þorbergsson, veitingamaður í Stykkishólmi, ætlar að bjóða upp á kengúru, dádýr, lynghænu og jafnvel strút á jólamatseðlinum í ár.

EINAR GUNNARSSON

Priðjudagar
Immingham / England

591 3000

Lestur meðal 25-49 ára

Fasteignir

40%

Fréttablaðið

Hús ofl. á mánuði

24%

Mbl.

Fasteignablað Morgunblaðsins

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í september 2005. Lestur meðal 25-49 ára.



SPURNING DAGSINS

Magnús, heldur þú að heilararnir erfi þetta við þig?

Ég hef allavega ekki fundið fyrir neinum stökkbreytingum enn.

Magnús Karl Magnússon blóðmeinafræðingur sagði að heilarar gætu ekki haft áhrif á erfðauppbyggingu líkamans en undanfarið hefur Fréttablaðið sagt frá heilurum sem segjast geta gert það.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra boðar breyttar áherslur í málefnum aldraðra:

Aldraðir geti búið út af fyrir sig

ÖLDRUNARMÁL „Við höfum lagt allt of mikla áherslu á það að aldraðir búi á stofnunum en of litla áherslu á það að aldraðir geti búið í sínu eigin húsnæði og fengið þjónustu þar,“ sagði Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, á miðstjórnarfundi í Kópavogi á föstudag.

Halldór talaði þar fyrir nýjum áherslum í þessum málaflökki. „Fyrir nokkrum árum þótti það sjálfsgætt að margir einstaklingar byggju saman á herbergi en svo er ekki lengur. Við gerum aðrar kröfur og það er eðlilegt að við

gerum þær kröfur að aldraðir geti búið út af fyrir sig,“ sagði Halldór. Hann sagði enn fremur að unnið yrði að því með sveitarfélögum að hrinda þessari þróun af stað.

Halldór kallaði einnig alla þjóðina til ábyrgðar í málefnum aldraðra. „Ríkið getur aldrei séð algjörlega um aldraða; við eigum öll aldraða ættingja og við sem þjóðfélag og sem einstaklingar berum ábyrgð gagnvart þessu fólki okkar. Að það geti gerst að fólk geti látist heima hjá sér og ekki fundist svo dögum skipti er smánarblettur á okkar samfélagi,“ sagði Halldór Ásgrímsson. - jse



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Á miðstjórnarfundi Framsóknar.



ALDRAÐIR Á STOFNUMUM Forsætisráðherran sagði að bæði ríkið sem og þjóðfélagið í heild yrði að lyfta grettistaki í málefnum aldraðra.



MYNDAR EKKI STJÓRN Gerry Adams, leiðtogi Sinn Fein, mun eins og málin standa í dag ekki mynda stjórn ásamt Bertie Ahern, leiðtoga stærsta flokks Írlands, Fianna Fail.

Forsætisráðherra Írlands:

Vill ekki starfa með Sinn Fein

ÍRLAND, AP Forsætisráðherra Írlands, Bertie Ahern, gaf það út í gær að hann myndi ekki hefja stjórnarmyndun með Sinn Fein, stjórnmalármí Írska lýðveldishersins, eftir næstu kosningar. Kosningar verða í Írlandi árið 2007 en nú þegar hefur Ahern útilokað þennan möguleika.

Ahern segir að það séu ekki tengsl Sinn Fein við IRA sem útiloki samstarf heldur sé það hin vinstri sinnnaða efnahagsstefna flokksins sem geri það að verkum að flokkur Aherns, Fianna Fail, geti ekki starfað með Sinn Fein.

Fimm menn Sinn Fein sitja á þinginu í Dublin en þeir vonast til að rúmlega tvöfalda þann fjölda í næstu kosningum. - sha

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktssdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugs málsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skada fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. -ritstj.

Um sextíu börn bíða eftir leikskólaplássi

Enn vantar um 68 starfsmenn á leikskóla höfuðborgarsvæðisins og um 60 börn bíða eftir leikskólaplássi. Formaður Félags leikskólakennara segir vandann liggja í launakjörum sem augljóslega þurfi að bæta. Vandinn er mestur í Breiðholti.

SKÓLAMÁL Alls vantar 68 starfsmenn á leikskólum höfuðborgarsvæðisins samkvæmt síðustu úttekt Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Þar af vantar 54 leikskólakennara, 3,5 stöðugildi í sérkennslu og tvo deildarstjóra. Einnig vantar fólk í eldhús, skilastöður og afleysingar. Fæst starfsfólk vantar í Fossvoginn og Háaleitishverfi en flest í Breiðholti. Enn fremur bíða um 60 börn í borginni eftir leikskólaplássi en í Árbæ og Grafarholti hafa öll börn verið tekin inn, að einum leikskólafrátöldum. Hingað til hefur þurft að mæta manneklum með því að stytta opnunartíma leikskólanna en að sögn Gerðar G. Óskarsdóttur, sviðsstjóra menntasviðs Reykjavíkurborgar, er þess ekki þörf lengur.



ENN VANTAR AÐ MANNA 68 STÖÐUGILDI Á LEIKSKÓLUM HÖFUÐBORGARINNAR Alls bíða 58 börn eftir því að komast á leikskóla borgarinnar. Hér má sjá börn á Mánagarði.

Tekist hefur að manna um 30 stöður frá því í haust, þar af fimm á síðustu þremur vikum.

Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara, telur kjör leikskólakennara valda manneklunni. „Mér fannst Þorgerður Katrín, og raunar flestir sem tóku þátt í umræðunni á Alþingi, benda á rót vandans sem er fyrst og fremst kjörin,“ segir Björg. Í utandagskrárumræðu Alþingis á fimmtudag deildu menn um hvar

ábyrgðin lægi. Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingar, sagði helming þeirra sem sóttu um í Kennaraháskóla Íslands hafa fengið frávisun vegna fjárskorts og úr því þyrfti ríkið að bæta. Þorgerður Katrín benti hins vegar á að um 400 menntaðir leikskólakennarar störfuðu annars staðar en í leikskólum og að það væri sveitarfélögunum að skapa viðunandi starfsumhverfi svo að fleiri kysu að starfa við leikskólakennslu.

Björg telur að fólk sé loks að átta sig á vandanum en það sé auðvitað ekki nóg að tala um hlutina heldur verði einnig að standa við þá. Kjarasamningar leikskólakennara verða ekki lausir fyrr en á næsta ári og því sé lítið hægt að gera að svo stöddu. Björg segir þó að stuðlað verði að því að kjaramálin verði kosningamál í næstu sveitarstjórnkosningum. mariathora@frettabladid.is



BJÖRG BJARNADÓTTIR Formaður Félags leikskólakennara segir kjörin valda því að starfsfólk vanti í leikskólana.

Þjónustumiðstöð	Ómönnuð stöðugildi	Börn sem bíða
Árbær og Grafarholt	11	12
Breiðholt	14	4
Grafarvogur og Kjalarnes	11,5	23
Fossvogur og Háaleitishverfi	6,75	0
Miðbær og Hlíðarhverfi	11	2
Vesturbær	13,5	17
Samtals	67,75	58

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur hafnað tveimur tilboðum:

Byrgið vill kaupa Ljósafossskóla

MEÐFERÐARMÁL „Við höfum lagt inn tilboð í Ljósafossskóla en ég held að það sé búið að yfirbjóða okkur,“ segir Guðmundur Jónsson forstöðumaður Byrgisins.

Allri starfsemi var hætt í Ljósafossskóla í Grímsnesi í fyrravor og hún flutt í Minni-Borg. Samanlagt er húsnæðið 1.200 fermetrar og er þar með talið íþróttahús.

„Þetta er fyrst og fremst hugsað fyrir vistmenn okkar á framhaldsskólaaldri sem og unglunga sem ekki geta sótt skóla heima fyrir vegna ástands foreldra og gætu því sótt skóla hjá okkur,“ segir Guðmundur.

Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri í Grímsnes- og Grafningshreppi, vildi ekki um það segja hvort einungis yrði farið eftir upphæð tilboðanna eða hvort tekið yrði til mats hvaða starfsemi myndi fara fram í skólanum.



GUÐMUNDUR JÓNSSON Í BYRGINU Guðmundur segir að um 50 til 80 manns vermi biðlista eftir plássi hjá Byrginu. Hann segir að ungu fólki stór fjöldi og meðalaldur vistmanna sé kominn úr 45 árum í 26 á faum árum.

„Fundur verður haldinn á miðvikudag og þá verður farið yfir tilboðin,“ segir Margrét og bætir við: „Við höfum þegar hafnað tveimur tilboðum og ég hef grun um að okkur eigi eftir að berast mun fleiri.“

Guðmundur segir brýna þörf

á því að bæta úr húsnæðisskorti Byrgisins. „Á tveimur og hálfu ári, eða frá því við fórum úr Rockville, hafa 28 manns látist en þetta er fólk sem við þurftum að hafna vegna húsnæðisskorts. Auk þess fjölga ungu fólki á biðlista hjá okkur.“ - jse

Vinnur þú milljón í dag?

Sá á fund sem finnur!

HAPPA PRENNAN

„Gætur verið að þú
vitir ekki af mér?“

Mótframlagið þitt

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara. Þú getur lagt allt að 4% af launum þínum í viðbótarlífeyrissparnað og launagreiðendur leggja að jafnaði til allt að 2% á móti þér. Það er mótframlagið þitt.

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag. Við biðum þín í 410 4000 eða á landsbanki.is með ráðleggingar um hvernig þú getur fengið sem mest út úr sambandinu í Lífeyrissparnaði Landsbankans.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 11.11.2005

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	USD	61,82	62,12
	Sterlingspund	GBP	107,62	108,14
	Evra	EUR	72,32	72,72
	Dönsk króna	DKK	9,697	9,753
	Norsk króna	NOK	9,339	9,395
	Sænsk króna	SEK	7,549	7,593
	Japanskt jen	JPY	0,5236	0,5266
	SDR	XDR	88,04	88,56

Gengisvísitala krónunnar

102,5038

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrirtaka í átta ákæruliðum í Baugsmálinu í Héraðsdómi Reykjavíkur:

Aðalmeðferð ákveðin í dag

HÉRAÐSDÓMUR Fyrirtaka í Baugsmálinu fer fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag og verður þá væntanlega ákveðið hvenær aðalmeðferð verður í ákæruliðunum átta sem eftir standa í Baugsmálinu. Þetta er fyrsta fyrirtaka í málinu eftir að Hæstiréttur vísaði 32 ákæruliðum af 40 frá dómi í haust.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, segir að í dag verði væntanlega tekin ákvörðun um framhaldið. Hann segist ekki vita hver tímaramminn sé. Verjendur hinna sex ákærðu sakborninga vilji ljúka þessu eins fljótt og tækni-



FYRIRTAKA Í BAUGSMÁLINU Fyrirtaka er í Baugsmálinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Þrjú af sex ákærðum eru úr Baugsfjölskyldunni. Hér má sjá Jóhannes Jónsson og börn hans, Jón Ásgeir til hægri og Kristínu vinstra megin við Jóhannes.

lega sé hægt en hann viti ekki hvort ákærvaldið hafi sömu afstöðu. „Okkur er ekki kunn-

ugt um afstöðu ákærvaldsins,“ segir hann.

- ghs

SLÖKKVILIÐIÐ

Plast bráðnaði á eldavél Plast var skilið eftir á heitri eldavélarhelli í íbúð í Vesturbænum í gær. Íbúðin sem var á Aflagranda hafði fyllt af reyk þegar slökkviliðið kom á staðinn og var reykraust í kjölfarið. Engar skemmdir urðu á innanstokksmunum en reykjarlykt var mikil.

FLUGSAMGÖNGUR

Innanlandsflug niðri vegna ísingar Innanlandsflug lá niðri til klukkann fjögur síðdegis í gær vegna ísingar í lofti. Ísingarviðvörðun hafði borist um ellefuleytið á laugardagskvöld. Flug til Akureyrar og Egilsstaða hófst síðdegis í gær og voru flugvélar enn á lofti þegar blaðið fór í prentun í gærkvöld.



Í SÁRUM Hugað að sárum konu eftir rútuslys í Muzaffarabad í Pakistan í gær. Fréttablaðið/AP

Rútuslys á jarðskjálftasvæðum:

Á þriðja tug létust í slysum

PAKISTAN, AP Tvö alvarleg rútuslys áttu sér stað í norðurhluta Pakistans, Muzaffarabad, í gær.

Í fyrra slysinu valt rúta niður af brú með þeim afleiðingum að að minnsta kosti ellefu manns létu lífið og fjöldi særðist. Seinna slysið átti sér stað nokkrum klukkustundum síðar en þá létust tíu manns.

Slysin áttu sér stað á því svæði þar sem margir stórir jarðskjálftar hafa riðið yfir að undanförunu. Sökum þeirra hafa vegir lokast eða einfaldlega eyðilagst vegna jarðskriðs. Að sögn lögreglu á þessu svæði voru rúturnar stútfullar og segja vitni að fólk hafi jafnvel setið ofan á þökum rútananna en slíkt er mjög algengt í Pakistan.

- sha


Vextir á íbúðalánum:

Íslandsbanki hækkar ekki

HÚSNÆÐISLÁN Íslandsbanki ætlar ekki að hækka vexti á íbúðalánunum eins og Landsbankinn gerði fyrir helgi. Haukur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptabankasviðs, segir að þessi ákvörðun sé þó ekki bundin við ákvarðanir Íbúðalánasjóðs.

„Við ætlum að sjá til,“ segir hann. „Það er ljóst að efnahagslegar forsendur eru fyrir hækkun en við getum ekki vísað viðskiptavinum bankans á dyr.“

- ghs



MÖGULEIKAR Á ÚTFÆRSLUM Tvær tillögur liggja fyrir um byggingu brúar yfir Ölfusá. Leið eitt liggur yfir Efri-Laugarðælaeyju en leið tvö liggur fjær þéttbýlinu á Selfossi. Samkvæmt málamiðlunartillögunni er gert ráð fyrir brúnni yfir eyjuna og að vegurinn sveigist svo nær bænum.

Heimamenn og Vegagerð deila um nýja Ölfusárbrú

Sveitarstjórnarmenn vilja fá nýja brú yfir Ölfusá yfir miðja Efri-Laugarðælaeyju því þá færast þungaflutningar frekar yfir á nýju brúna. Vegagerðin telur legu norðanmegin öruggari og ódýrari.

SKIPULAGSMÁL Ágreiningur er um byggingu nýrrar brúar yfir Ölfusá en tvær tillögur liggja fyrir í nýju aðalskipulagi Árborgar fyrir tímabilið 2005-2025. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út eftir viku.

Sveitarstjórnarmenn í Árborg og Hraungerðishreppi vilja byggja brú yfir miðja Efri-Laugarðælaeyju, eins og gert er ráð fyrir í núgildandi aðalskipulagi, en Vegagerðin mælir með að brúin verði byggð nálægt ferjustað Laugarðælaferju. Málamiðlunartillaga

gerir ráð fyrir að vegurinn sveigist nær bænum þegar yfir brúna er komið.

Syðri leiðin er talin stuðla að betri innbyrðis tengslum og dreifingu umferðar til strandbyggðar og dreifbýlis. Sú staðsetning er einnig talin geta haft heftandi áhrif á þróun byggðarinnar og skorið byggðarkjarnana sundur. Í báðum tillögum skerðist golfvöllurinn, meira þó samkvæmt nýrri leiðinni, en ef brúin og vegurinn færast fjær Selfossi fær bærinn meira byggjarland.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við tvær brýr, yfir í Efri-Laugarðælaeyju og þaðan aftur í land, verði 700-800 milljónir króna en kostnaður við hina tillöguna yrði 450-500 milljónir. Heildarmunurinn er því um 300 milljónir króna.

Sveitarstjórnarmenn styðja syðri leiðina og telja að sú leið kæmi betur út fyrir byggðina á Selfossi, umferðin yrði eðlilegri og það takmark næðist frekar að flytja þungaflutninga út fyrir bæinn.

Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri segir að Vegagerðin hafi mælt með nýrri leiðinni þar sem undirstöður brúarinnar yrðu öruggari ef til jarðskjálfta kæmi en það hafi líka haft áhrif að sá kostur hafi verið talinn ódýrari.

Guðmundur Kr. Jónsson, formaður skipulagsnefndar Árborgar, segist ekki eiga von á öðru en að brú yfir Efri-Laugarðælaeyju yrði samþykkt. Hann telur að framkvæmdin komist á vegagætlun eftir 2012.

ghs@frettabladid.is

Af hverju eru loftbólur í kampavíni?

ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN

VÍN SÝNINGIN 2005

19.-20. nóv. í Smáralind



VÍN BÚÐ
lífum, lærum & njótum


VEÐURSPÁ

um hádegis


Guðrún Arnardóttir
Náttúruráðgjafi

Nú frestir á ný!
Það er norðvestanátt í dag, heldur hægari í fyrstu en svo má búast við einhverri gjölu upp úr hádegis og hugsanlega kalda við suðaustur ströndina. Það léttir til syðra en víða verður eljagangur fyrir norðan og ekki loku fyrir það skotið að einhver ofankoma verði á SÁ-landi. Það er að kólna aftur í veðri og frestir alls staðar á landinu undir kvöldið og þá er betra að vara sig á hálkunni.

HÖRFUR Í HÖFUÐBORGinni
NV-zgola í fyrstu en gæti bætt eitthvað lítillaga í vind seinni partinn. Bjart og úrkomulaust og hiti við frostmark. Kólnandi.




» á morgun



Norðanátt, nokkuð stíf austanlands en annars mun hægari. Úrkomulítið en kalt í veðri.

» miðvikudagur



* Snýst í suðlægga átt, bjart í fyrstu en þykkar upp suðvestanlands með slyddu eða snjókomu.

Kaupmannahöfn	10°C sk.m.köflum	Paris	13°C skýjað	Algarve	16°C heiðskirt
Oslo	9°C skýjað	Berlin	11°C léttskýjað	Milano	17°C sk.m.köflum
Stokkhólmur	10°C rigning	Frankfurt	13°C sk.m.köflum	New York	18°C léttskýjað
Helsinki	8°C léttskýjað	Madrid	11°C rigning	San Francisco	23°C heiðskirt
London	11°C sk.m.köflum	Barcelona	17°C þrumuveður	Orlando/Florida	27°C léttskýjað

* Svæði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrcoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

ÞÚ GÆTIR HAFT BESTA TÍMAKAUP ÆVINNAR Á ÞEIM MÍNÚTUM SEM ÞAÐ TEKUR ÞIG AÐ SKIPTA UM BANKA.

ENNEY / SIA / NAFN19



Óskaðu eftir tilboði í bankaviðskipti

KB banki býður þér að fá sérsniðið tilboð í öll bankaviðskipti sem þú þarft á að halda. Tilboðið er þér að kostnaðarlausu og án allra skuldbindinga. **Hafðu samband og óskaðu eftir tilboði með þínu nafni hjá þjónustuveri okkar í síma 444 7000, á kbbanki.is eða í næsta útibúi.**





KJÖRKASSI

Má herinn fara af Keflavíkurflugvelli ef hann vill?

Já	82,2%
Nei	17,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Kæmu óeirðinar í París í veg fyrir að þú færir þangað?

Segðu skoðun þína á Vísis

Íslenskur læknir stöðvaður við landamæraeftirlit Ísraela við Gaza:

Sveinn Rúnar beið í ellefu klukkutíma

GAZA „Ég þurfti nú aðeins að bíða í sex klukkutíma eftir því að komast í gegn en Ben Alof, kollegi minn sem er heimilislæknir frá Wales og er hér í lögmatum erindum, þurfti að bíða í eina ellefu klukkutíma,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson læknir og formaður samtakanna Ísland-Palestína. Hann er nú á Gazasvæðinu



SVEINN RÚNAR HAUKSSON

Hann segir Gazasvæðið vera fangelsi fyrir Palestínunum en þó sér hann einnig nokkrar jákvæðar breytingar. „Þó varla

þar sem hann mun skoða heilsugæslustöðvar í flóttamannabúðum. „Ég er reyndar á eigin vegum í námsferð en er með pappíra upp á vasann frá heilbrigðisráðherra sem ég mun svo skila skýrslu um ferðina og einnig frá Lúterska heimssambandinu, þannig að ég er hér í lögmatum tilgangi. Það voru reyndar bandarískir menn einnig sem komu frá National Democratic Institute en þeir urðu frá að hverfa,“ segir Sveinn Rúnar.

Hann segir Gazasvæðið vera fangelsi fyrir Palestínunum en þó sér hann einnig nokkrar jákvæðar breytingar. „Þó varla



VIÐ LANDAMÆRIN Í GAZA Landamæraverðir eru heldur harðir á Gaza og verða margir frá að hverfa þó þeir hafi lögmat erindi til Gaza. Sveinn Rúnar fékk að bíða í sex klukkutíma eftir því að komast inn.

sé hægt að komast inn til Gaza þá er mun hægara um vik að fara um innan svæðisins eftir brottflutning

Ísraela og það munar mjög mikið um það sérstaklega ef slys ber að höndum,“ segir hann. -jse



JÁRNFRÚIN VINSÆL Johnson-Sirleaf heilsar börnum er hún hélt til messu í gær.

Forsetakosningar í Líberíu:

Járnfrúin bíður staðfestingar

LÍBERÍA, AP Niðurstöður forsetakosninganna í Líberíu hafa ekki enn fengist staðfestar. Allt lítur þó út fyrir glæstan sigur Ellen Johnson-Sirleaf, fyrrverandi fjármálaráðherra landsins, sem hefur fengið nafnbótina Járnfrúin. George Weah hefur kært úrslit kosninganna og hefur ásakað Johnson-Sirleaf um svindl. Eftir að 99,3% atkvæða höfðu verið talin hafði Johnson-Sirleaf fengið 59,6% greiddra atkvæða á móti 40,4% Weah.

- sha

FÆRD Á VEGUM

Flughált vegna hlýnunar Viða var mikil hálfka á vegum landsins í gær en verst var ástandið á Norðvestur- og Norðausturlandi. Vegna hlýnunar sem orðið hefur síðustu daga leggst bleyta yfir frosnu vegna sem veldur þessari miklu hálfku. Hvergi var þó ófært nema á Öxi.

NOREGUR

Fjökkvæni færast í vöxt Norska útlendingaeftirlitið segir að æ fleiri Norðmenn af erlendu bergi brotnu eigi fleiri en eina eiginkonu þótt fjökkvæni sé bannað. Talsmaður þess segir í viðtali við NRK þá komast fram hjá lögnum með því að fara til landa þar sem fjökkvæni er heimilt og koma síðan til baka með enn eina eiginkonuna.

SLÖKKVILIDIÐ

Vatnsleki vegna stíflu Vatnsleki varð í Félagsheimili HK í Kópavogi í gær. Brunnur fyrir utan húsið stíflaðist með þeim afleiðingum að vatn lak inn í bygginguna. Ekki urðu miklar skemmdir af völdum lekans.

Hlakkur mun meira til kosninga en jóla

Prófkjör framsóknarmanna var mjög spennandi og nú segja frambjóðendur það guðspjall dagsins að ná fjórum mönnum inn. Konur hlutu góða kosningu en náðu ekki öðru af tveimur efstu sætum.

FRAMSÓKNARFLOKKURINN

„Þetta var alveg ævintýrlega mikil þátttaka og með þennan lista ættu framsóknarmenn að hlakka meira til kosninga en jóla,“ segir Ómar Stefánsson sem var efstur í prófkjöri framsóknarmanna í Kópavogi.

„Ég get ekki sagt að þetta hafi komið mér á óvart þar sem ég hef stefnt að þessu markmiði í mörg ár en mér kom nokkuð á óvart glæsilegt gengi Samúels Arnar og það má ljóst vera að þarna er kominn öflugur félagsmaður,“ segir Ómar.

Fimm frambjóðendur buðu sig fram í fyrsta sæti en það voru auk Ómars þau Samúel Örn Erlingsson, Una María Óskarsdóttir, Linda Bentsdóttir og Jóhannes Valdemarsson en hann hafnaði í tíunda sæti.

„Nú setjum við bara markið á að ná fjórum fulltrúum inn,“ segir Una María Óskarsdóttir þegar hún var spurð hvort ekki



ÓMAR STEFÁNSSON Ómari fagnar hér á laugardagskvöldi eftir að ljóst var að hann hafi hlotið efsta sætið.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

væri svekkjandi að konurnar tvær sem stefndu á fyrsta sætið skyldu ekki ná í annað af efstu sætum þrátt fyrir mjög góða kosningu. Una María var átta atkvæðum frá Samúel Erni í öðru sæti listans og Linda fékk flest atkvæði í fjögur efstu sætin eða 1413. Alls greiddu 2.556 manns atkvæði.

„Það liggur fyrir að ég ætlaði að ná fyrsta sæti og það voru vissulega vonbrigði á ná því ekki

sérstaklega þegar svona mjótt er á muninum en þegar upp er staðið get ég verið afar sáttur,“ segir Samúel Örn Erlingsson. „Þetta er langfjölmennasta prófkjör sem farið hefur fram í Kópavogi og við í fjórum efstu sætum náum glæsilegri kosningu og ég tel að rökrétt framhald af þessu sé að setja markið á það að ná inn fjórum mönnum í vor,“ segir hann.

jse@frettabladid.is

ÚRSLIT Í PRÓFKJÖRI FRAMSÓKNARMANNA Í KÓPAVOGI

1. Ómar Stefánsson
2. Samúel Örn Erlingsson
3. Una María Óskarsdóttir
4. Linda Bentsdóttir
5. Andrés Pétursson
6. Ólöf Pálína Úlfarsdóttir
7. Guðmundur Freyr Sveinsson
8. Hjalti Björnsson
9. Friðrik Gunnar Gunnarsson
10. Jóhannes Valdemarsson
11. Gestur Valgarðsson
12. Dollý Nielsen
13. Hjörtur Sveinsson
14. Þorgeir Þorsteinsson

Forseti Íraks varar við því að erlendur herafli verði dreginn of fljótt í burtu:

Gætu farið heim í lok næsta árs

ÍRAK, AP Forseti Íraks, Jalal Talabani, sagði í sjónvarpsviðtali í gær að breskir hermenn gætu verið alfarnir frá landinu í árslok 2006. Er þetta fyrsta alvöru ágiskunin um brotthvarf erlendra hermanna frá hinu stríðshrjáða landi. Talabani telur að þá geti hermenn Íraka tekið yfir þau störf sem Bretar hafa hingað til gegnt. Nú eru 8.500 breskir hermenn í Írak en talið er að sú tala verði komin niður í 3.000 strax um mitt næsta ár.

Einn æðsti maður breska herafans, Sir Mike Jackson, segir að þessi tímaáætlun geti vel staðist. Hvorki hann né Tony Blair, forsætisráðherra Breta, vilja hins vegar staðfesta þessa tímasetningu. Jackson segir að Bretar muni fara frá Írak þegar réttu skilyrðin verða fyrir hendi. Það er

þegar Íraska þjóðin og Íraska ríkisstjórnin hafi fengið nægjanlegt sjálfstraust.

Talabani segir að það sé ekki einn Íraki sem óski þess að erlendur herafli verði að eilífu í landinu. Hann varar hins vegar við því að herafllinn verði dreginn samstundis í burtu.

„Það myndi leiða okkur til einhvers konar borgarstyrjaldar. Við myndum glata öllu því sem við höfum gert til þess að frelsa Írak frá verstu tegund einræðis,“ segir forseti Íraks, Jalal Talabani.

- sha

BRESKIR HERMENN Þessir bresku hermenn ættu ef allt gengur að óskum verði á bak og burt frá Írak strax á næsta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Motorlift bílskúrshurðaopnarar

Keðjudrifnu Chamberlain Motorlift bílskúrshurðaopnararnir eru öflugir og sterkbyggðir og fást fyrir allar stærðir og gerðir bílskúrshurða. Motorlift er með kröftugum en hljóðlátum mótör og þægilegri fjarstýringu sem auðveldar umgengni um bílskúrinn eða geymsluhúsnæðið í hvaða veðri sem er.

Motorlift fæst í byggingavöruslunum um land allt.

CHAMBERLAIN™

Íslenskar leiðbeiningar fylgja

Fiskur í dag

Kjöt & fisktorgið

30%
afsláttur

Fiskibollur
að hætti Rúnars

TILBOÐ

599 kr/kg

Verð áður 890,-

Rúnar Gíslason

Matreiðslumeistari og sjónvarps-
kokkur, kokkarnir.is

Fóti
FEL



Dijon hunangs sósa



Rósapípar sósa



Basil & hvítlauks sósa

Mest seldu sósurar
í Hagkaupum!

Hefur þú prófað?



TILBOÐ

59 kr/stk

Verð áður 95,-

Laukbuff 120g
- fljótlegt og gott



TILBOÐ

899 kr/kg

Verð áður 1.290,-

Langa í ítalskri marineringu
- eldað í ofni í ca. 10-15 mín við 200°C hita

Gildir 14. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARIÐ

- 1 Hver verður efstur á lista Framsóknar til bæjarstjórnar í Kópavogi?
- 2 Hvað heitir nýja símaþjónustufyrirtækið á Siglufirði?
- 3 Hver skoraði sigurmarkið í leik Fjölnis/Víkings og Aftureldingar á laugardag?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 34

Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, um vaxtahækkunina:

Spenntir að sjá þróunina

Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, segir að óvíst sé hvaða áhrif vaxtahækkun Landsbanka Íslands fyrir helgi hafi á þróun fasteignamarkaðarins. Hækkunin úr 4,15 prósentu vöxtum í 4,45 prósent hafi komið talsvert á óvart.

„Þetta er samt ekkert sem við teljum að hafi nein veruleg áhrif en það verður fróðlegt að sjá hversu mikil áhrif þetta hefur á samkeppnina milli bankanna. Við erum spenntir að sjá hvað hinir bankarnir gera, hvort þeir sýni öflugna samkeppni í verki þannig að neytendur geti farið þangað sem best er boðið,“ segir hann.



Þrátt fyrir samkeppni milli bankanna undanfarin misseri hafa þeir boðið íbúðalán með mikið til sömu vöxtum og sömu lántökugjöldum. Grétar segist vonast til þess að samkeppnin fari að sjást í meiri hreyfingu á markaðnum og vaxtamun á milli banka.

- ghs

ÓVÍST UM ÁHRIF VAXTAHÆKKUNARINNAR Óvíst er hvaða áhrif vaxtahækkun Landsbankans á íbúðalánunum hafa á þróun fasteignamarkaðarinnar. Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, segir að fasteignasalar fylgist spenntir með samkeppni bankanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fáskrúðsfjörður:

Upphaf nýs skólahúss

MENNTAMÁL Fyrstu skóflustungurnar að nýrri skólamiðstöð á Fáskrúðsfirði voru teknar á þriðjudag og fengu börn á leikskólanum Kærabæ heiðurinn að því að taka þær.

Kostnaður við fyrsta áfanga skólamiðstöðvarinnar verður 167 milljónir króna og er gert ráð fyrir að framkvæmdum ljúki 1. apríl árið 2007.

Grunnskóli bæjarins verður til húsa í skólamiðstöðinni en þar verður einnig leikskóli, tónlistarskóli og mótuneyti en gert er ráð fyrir að framkvæmdum við síðari áfanga byggingarinnar ljúki í ágúst 2008.

- kk

Kona dæmd fyrir skjalafals: Falsaði nafn á samninga

DÓMSMÁL 45 ára gömul kona hefur verið dæmd í 45 daga fangelsi fyrir að hafa falsað nafn 25 ára gamals manns á ráðningarsamninga sem hún svo framvísaði til Útlendingaeftirlits og Útlendingastofnunar árin 2002 og 2003.

Konan, sem rekur nuddstofu á höfuðborgarsvæðinu, játaði brot sín skýlaust.

„Refsing þykir með hliðsjón af öllum atvikum í málinu þar á meðal hvernig skjalið er notað opinberlega, hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga, en rétt þykir, þegar virt er að ákærða hefur ekki sakaferil og er hér með fasta vinnu að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum 3 árum haldi ákærða almennt skilorð,“ segir í dómi Héraðsdóms Reykjaness.

- óká

Lögreglan kölluð út til að tína upp fisk:

Fiskur valt af vörubíl



LÖGREGLA Fiskker hrundu af vörubíl um hádegisbil á laugardag.

Bílstjórinn var að keyra af Reykjanessbraut inn á Grindavík-urveg þegar annað stjórnborðið bilaði með þeim afleiðingum að kerin hrundu af bílpallinum. Í kerjunum voru þorskur og ufsi. Eitthvað varð um tjón á fiskinum þó að ekki sé vitað hversu mikið það var.

Lögreglan var kölluð á staðinn og aðstoðaði við að koma fiskinum á sinn stað aftur.

- mþp

FISKUR Á PURRU LANDI Lögreglan aðstoðaði við að tína upp þorsk og ufsa sem hafði oltið af vörubíl.

MYND/JÓN E. GUÐMUNDSSON



ELDAR SLÖKKVILIÐSMAÐUR endar við að slökva eld í bíl í bænum Carpentras í suðurhluta Frakklands.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Múgur réðst að lögreglu

Óeirðaaldan í Frakklandi virðist vera í rénum fyrir utan mikil læti í þriðju stærstu borginni, Lyon, auk þess sem kveikt var í skólastofu í suðurhluta landins.

FRAKKLAND, AP Óöldin virðist halda áfram að dvína í Frakklandi. Um laugardagsnóttina var kveikt í 374 bílum en 502 kvöldinu áður.

Nokkuð rólegt var í París en í borginni Lyon voru aftur á móti miklar óeirðir sem enduðu með því að í sögulegum hluta borgarinnar tók æstur múgurinn upp á því að henda alls kyns lauslegu í lögreglu sem svaraði með targa. Í borginni var einnig kastað eldsprengju inn í eina moskvu borgarinnar en hún sprakk ekki. Í suðurhluta Frakklands var brennandi bíl keyrt inn í elliheimili auk þess sem ráðist var inn í skóla og kveikt í einni skólastofu.

Um fjórutíu borgir og bæir í Frakklandi hafa sett á útgöngubann á unglinga til þess að koma í veg fyrir frekari óeirðir og hefur það skilað ágætis árangri. Michael Guin, yfirlöggreglustjóri Frakklands, segir að ef fram heldur sem horfir fari hlutirnir aftur í eðlilegt ástand mjög

fljótlega.

Lögreglan í höfuðborg Belgíu, Brüssel, upplifði hins vegar sína verstu nótt síðan óöldin tók að breiðast þangað að sögn talsmanna lögreglunnar þar. Nokkrar óeirðir urðu einnig í Rotterdam í Hollandi þar sem kveikt var í fjórum bílum.

Í könnun sem franska blaðið Le Journal du Dimanche birti í gær kemur fram að 71 prósent frönsku þjóðarinnar trúir því ekki að Jacques Chirac, forseti landsins, geti leyst þetta mikla þjóðfélagslega vandamál sem nú tröllríður landinu. Hins vegar telur fjórðungur þeirra sem tóku þátt í könnuninni að hinn öfgahægri sinnaði Jean-Marie Le Pen geti leyst þessi vandamál. Meira en helmingur þátttakenda í könnunni lýsti yfir stuðningi sínum við forsætisráðherra Dominique de Villepin og innanríkisráðgjafherrann Nicolas Sarkozy.

steinthor@frettbladid.is



BÆJARSTJÓRI CARPENTRAS Í SUÐURHLUTA FRAKKLANDS, JEAN-CLAUDE ANDRIEU, SKOBARD SKEMMIDIR EFTIR AÐ KVEIKT HAFÐI VERIÐ Í SKÓLASTOFU Í BÆNUM

Fréttablaðið/AP

NISSAN PATROL

NISSAN

SKIPT_um væntingar

ENDIST ENDALAUST

OG FER ALLT, Í ÖLLUM VÆÐRUM, MEÐ ALLT OG ALLA, ALLAN ÁRSINS HRING.

STÓRLÆKKAD VERÐ

NÝ SENDING Á NÝJU GENGI

Tegund	Verð
Patrol Luxury beinskiptur	4.090.000.-
Patrol Luxury sjálfskiptur	4.190.000.-
Patrol Elegance beinskiptur	4.390.000.-
Patrol Elegance sjálfskiptur	4.490.000.-

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíó: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00



Hinnun og hat - SIA / 9050796

UMSÝSLUGJÖLD VEGNA VIÐBÓTARLÍFEYRIS- SPARNAÐAR*

Alm. lífeyrissjóðurinn (Íslandsbanki)	0,18%
KB banki	0,3-0,6%
Landsbanki	0,39%
SPRON	0%

Engin umsýslugjöld hjá SPRON

Að gefnu tilefni viljum við benda á að viðskiptavinir okkar greiða ekki nein umsýslugjöld af viðbótarlífeyrissparnaði, ólíkt því sem tíðkast hjá viðskiptabönkunum.

Með viðbótarlífeyrissparnaði getur þú lagt 2-4% af launum þínum í sparnað og fengið 2% mótframlag frá launagreiðanda. Þannig leggur þú grunn að lífsgæðum síðar á ævinni.

SPRON Verðbréf bjóða upp á ýmsar fjárfestingarleiðir og persónulega og faglega ráðgjöf til að finna þá leið sem hentar hverjum og einum.



Ármúla 13a - 108 Reykjavík - 550 1310 - verdbref@spron.is - www.spron.is



EFNAVERKSMÍÐJA SPRINGUR Meira en tíu þúsund íbúar norður-kinversku borgarinnar Jilin þurftu að yfirgefa heimili sín þegar ríkisrekin bensínefnaverksmiðja sprakk á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjávarútvegsráðherra stækka fjárhagsramma Hafrannsóknastofnunarinnar:

Rannsóknir verða stórefldar

SJÁVARÚTVEGUR Einar Kr. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hefur tilkynnt að í fjárlögum næsta árs sé lagt til að framlög til Hafrannsóknastofnunar verði aukin um 50 milljónir króna og síðan um 100 milljónir króna í fjárlögum ársins 2007. Stækkunin á fjárhagsramma stofnunarinnar er varanleg. Þetta er tíu prósent aukning.

Jóhann Sigurjónsson forstjóri segir að rannsóknir á vistkerfi Íslandshafs, frá Grænlandssundi norður og austur um land, verði eflidar stax á næsta ári og þá sérstaklega loðnurannsóknir. Rannsóknirnar kosta 70 til 75 milljónir á ári í þrjú ár og svo eitthvað minna



VARANLEG TEKJAUKNING TIL HAFRANNSÓKNA Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra og Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar. Framlög til Hafró verða aukin um fimmtíu milljónir á næsta ári og svo um hundrað milljónir í fjárlögum 2007. Þetta er varanleg aukning upp á tíu prósent, að sögn sjávarútvegsráðherra.

næstu tvö ár þar á eftir.

„Við töldum þetta svo gríðarlega mikilvægar rannsóknir að við ætludum að ryðja öðrum rannsóknum úr vegi en nú þurfum við þess ekki,“ segir Jóhann.

Fjárukningin nú fer fyrst og fremst í þessar rannsóknir en einnig til að styrkja rekstur tveggja hafrannsóknaskipa stofnunarinnar.

Þá hefur verið ákveðið að setja 25 milljónir króna úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins í hafrannsóknir á samkeppnisgrundvelli. Auglýst verður eftir umsóknum strax á næsta ári. Staðið verður faglega að úthlutuninni með tilliti til vísindalegs gildis verkefna.

- ghs

Stympingar í Bolungarvík:

Ráðist á lögreglumann

LÖGREGLAN Maður um þrítugt réðst á lögregluna í Bolungarvík með snjóskóflu um þrjúleytið á laugardagsnótt.

Þústrar og slagsmál höfðu verið milli manna eftir dansleik í bænum og kom lögreglan á staðinn til að róa mannskapinn. Þegar verið var að handtaka mann kom annar að og réðst á lögregluna með skóflu. Sá var yfirbugaður með varnarúða og vistaður í fangageymslu yfir nóttina.

Skýrsla verður gerð um málið og mun hún verða send til sýslumanns þar sem tekin verður ákvörðun um framhaldið.

- mpp

HVERFAFUNDIR BORGARSTJÓRA 2005



Borgarstjóri hlustar Miðborg

Ráðhúsi Reykjavíkur í kvöld kl. 20

Ágæti íbúi



Hverfafundir eru kjörið tækifæri til að koma þínum skoðunum á framfæri við borgarstjóra. Þeir eru nauðsynlegur vettvangur samskipta milli borgarstjóra og íbúa. Hverfafundir eru árviss málþing um hagsmunamál íbúa og ég vona að þú sjáir þér fært að koma og ræða málin á fundi í þínu hverfi.

Komdu á hverfafund og segðu hvað þér finnst.

Með bestu kveðju

Stjórnun Valdis Ólafssonar

Þín skoðun skiptir máli

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is



Borgarstjórinn í Reykjavík

Næsti hverfafundur: Hlíðar
Miðvikudagur 16. nóvember kl. 20 á Kjarvalsstöðum

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Háskólakennurum verður ekki sagt upp

Órói er á meðal kennara Háskólans á Akureyri í kjölfar boðaðra aðhaldsaðgerða í rekstri skólans. Segjast þeir undrast sinnuleysi þingmanna stjórnarflokkanna í Norðausturkjördæmi og bæjaryfirvalda á Akureyri.

MENNTAMÁL Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við Háskólann á Akureyri, segir kennara og annað starfsfólk Háskólans á Akureyri í óvissu með störf sín eftir að háskólaráð ákvað í vikunni að grípa til aðhaldsaðgerða sem spara eiga liðlega 50 milljónir króna í rekstri skólans. Jafnframt segir hann starfsfólk undrast að þingmenn stjórnarflokkanna í Norðausturkjördæmi skuli ekki hafa beitt sér af hörku til lausnar fjárhagsvanda skólans.

„Þingmenn kjördæmisins úr röðum stjórnarandstöðunnar hafa nokkuð tjáð sig um fjárhagsvandann en lítið sem ekkert hefur heyrst frá ráðherrum kjördæmisins og öðrum þingmönnum stjórnarflokkanna. Það sama á við um bæjaryfirvöld á Akureyri og svo virðist sem bakland skólans sé veikt,“ segir Ingi Rúnar.

Þorsteinn Gunnarsson, rektor háskólans, átti fund með kennurum og nemendum skólans síðastliðinn föstudag þar sem aðhaldsaðgerðirnar voru kynntar, en Ingi Rúnar segir að ekki séu allir



ÞORSTEINN GUNNARSSON Rektor segir að ekki verði fækkað í kennaraliði skólans utan tveggja deildarforseta.

starfsmenn skólans sátir við niðurskurðinn og þær lausnir sem boðaðar hafi verið.

„Ég hef ekki heyrt af því að kennarar séu nú þegar farnir að hugsa sér til hreyfings en það er viðbúið að einhverjir taki poka sína. Starfsfólk skólans finnur fyrir óvissu og menn vita ekki hvað framtíðin ber í skauti sér en þó hygg ég að flestir ætli að bíða átekta og sjá hver framvindan verður,“ segir Ingi Rúnar.

Þorsteinn segir kennara ekki þurfa að óttast um störf sín því ekki verði fækkað í kennaraliði skólans, utan tveggja deildarforseta.



INGI RÚNAR EÐVARÐSSON Prófessor segir viðbúið að einhverjir kennaranna muni kjósa að hætta.

„Einu kennararnir sem hætta eru Mark O' Brien, deildarforseti upplýsingatæknideildar, og Björn Gunnarsson, deildarforseti auðlindadeildar, en þessar tvær deildir verða sameinaðar viðskiptadeild,“ segir Þorsteinn.

Rektor segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um uppsagnir annarra starfsmanna skólans en segir að hugsanlega verði ekki ráðið í störf þeirra sem kjósa að hætta.

„Tíminn mun leiða í ljós hvort nauðsynlegt reynist að segja einhverjum upp störfum en ljóst er að það verða engar hópuþupsagnir,“ segir Þorsteinn. kk@frettabladid.is



VIÐ HÁSKÓLANÁM Háskólaráð Háskólans á Akureyri hefur samþykkt nýtt deildaskipulag og breytingar á stjórnsýslu og þjónustu. Vill það búa skólann betur undir framtíðina og ná jafnvægi í rekstri.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra:

Fjárhagsvandinn verður leystur

MENNTAMÁL Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir að enginn þurfi að óttast að fjárhagsvandi Háskólans á Akureyri verði ekki leystur. Eftir boðaðar aðhaldsaðgerðir háskólaráðs er fjárbörf skólans, vegna komandi árs, 130 milljónir króna og segir Þorgerður að nú þegar hafi verið tryggðar 40 milljónir króna til að mæta þeim halla.

„Fjárhagsvandi háskólans verður leystur á hægum og eins sársaukalítinn hátt og unnt er en aðhaldsaðgerðirnar tryggja að reksturinn mun ná jafnvægi árið 2008,“ segir Þorgerður.



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR Menntamálaráðherra segist vilja efla Háskólann á Akureyri og þá ekki síst hvað varðar laga- og meistaranám.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Menntamálaráðherra telur ekki að rekja megi fjárskort háskólans til stjórnunarvanda innan skólans heldur til þess hve vöxtur skólans hafi verið hraður. Segir hún háskólaráð og Þorstein Gunnarsson rektor hafa tekið á vandanum af miklum metnaði með ákvörðun sinni um hagræðingu.

„Það er verið að fara með Háskólann á Akureyri inn í framtíðina og byggja undirstöðurnar þannig að skólinn geti tekið á við vaxandi samkeppni á háskólasviðinu og stjórnvöld munu ekki láta sitt eftir liggja í þeim efnum,“ segir Þorgerður.

- kk

GOTT FOLK MCCANN

Skytturnar þrjár

Síðastliðið ár hefur verið ævintýri líkast. Að fá að taka þátt í að frelsa fólk úr álögum eru forréttindi. Við viljum því einfaldlega þakka ykkur Íslendingum kærlega fyrir móttökurnar og þá sérstaklega henni Guðríði á Framnesvegi sem bauð okkur upp á gómsætar pönnukökur með rjóma og heimatilbúnni rabarbarasultu.

Munið að ævintýrin gerast enn.

3.990*

HiveLite

Þráðlaust internet
4 GB niðurhal
8 Mb tenging
Hive netsími

*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 4 GB niðurhal, 8 Mb tengingu, ódýrari símtöl – aðeins 5 kr. á mínútu í heimasíma rúmlega 30 landa og fullkominn tækjabúnað, ásamt allri uppsetningu án aukagjalds fyrir aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is · Grensásvegi 16 · Reykjavík · Þjónustusími 414 1616 · hive@hive.is



*M.v. 12 mánaða samning.



TIMO BOLL MEÐ BOLTANN Hinn þýski Timo Boll vann Danann Michael Maze á Opna þýska tennismótinu í Magdeburg um helgina. Hann innbyrti sigurinn í fjórðu lotu.

Elsa Arnardóttir segir mikilvægt að meta kunnáttu ungmenna:

Innflytjendur stofni samtök

INNFLYTJENDUR Upplýsingagjöf til innflytjenda er mjög ábótavant, samninga þarf til dæmis að þýða þannig að fólk skilji hvað það skrifar undir og gefa þarf innflytjendum betri möguleika á að standa á eigin fótum frá upphafi. Brýnt er að innflytjendur stofni heildarsamtök sem hafi umboð innflytjenda til að ræða við stjórnvöld.

Elsa Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fjölmenningssetursins á Ísafirði, segir afar misjafnt hvernig innflytjendur aðlagist, sumir taki strax mikinn þátt í samfélaginu og aðrir einangrist.

„Við þurfum að meta kunnáttu ungmenna. Þegar ungt fólk flytur



til landsins er móðurmálskunnáttan ekki metin til eininga. Við þurfum að breyta þessu því að það eru ekki góð skilaboð að meta ekki það sem þau kunna,“ segir hún.

Elsa segir að Íslendingar þurfi líka að venjast því að fólk tali með hreim. „Við erum fljót að grípa til ensunnar. Rannsókn sýnir að stór hluti hópsins kann ekki ensku.“

- ghs

MÓÐURMÁLSKUNNAÐAN TIL EINGNA Elsa Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fjölmenningssetursins á Ísafirði, segir að meta þurfi móðurmálskunnáttu innflytjenda til eininga þegar þau setjast á skólabekk hér.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hæstiréttur um lögreglubjón:

Hættulegt og óforsvaranlegt

DÓMSMÁL Hæstiréttur felldi niður greiðslu skaðabóta og sektar sem Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í marslok lögreglumann til að greiða fyrir að hafa ekið lögreglubíl í veg fyrir mótörhjul við Ægisíðu í Reykjavík næstum ári fyrr.

Ökumanni bifhjólans hafði verið dæmdar 195.000 krónur í bætur, en Hæstiréttur taldi kröfuna vanreif- aða og vísaði henni frá dómi. Dómurinn taldi hins vegar bæði hættulegt og óforsvaranlegt af lögreglumanninum að aka í veg fyrir hjólið.

Hæstiréttur ákvað að fresta refsingu lögreglumannsins í tvö ár. Lítið var til þess að maðurinn hefuri ekki áður hlotið refsingu.

- óká

Hæstiréttur með bótanefnd: Lamin stúlka fær ekki bætur

DÓMSMÁL Hæstiréttur sýknaði í vikunni íslenska ríkið af bótakröfu stúlku sem varð fyrir líkamsárás þriggja stúlka í Tryggvagötu í Reykjavík á haustdögum 1998. Var þar snúið dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í desember 2004.

Í júlí 2002 voru stúlkurnar þrjár dæmdar til að greiða fórnarlambi sínu bætur og í kjölfarið var sótt um greiðslu til bótanefndar á grundvelli dómsins. Nefndin hafnaði umsókninni á þeim grundvelli að liðinn væri tveggja ára tímafrestur frá því brot var framið.

Stúlkurnar þrjár frömdu árásinu af telfnisláusu og beittu meðal annars brotinni flösku við árásinu. Stúlkan rifbeinsbrotnaði og hlaut mar á brjóstakassa, auk mars og áverka á fótleggjum og læri.

- óká

LÖGREGLUFRETTIR

Bílveltur Lögreglan á Akureyri var kölluð af stað vegna tveggja bílveltna í fyrrið. Bíll valt á Öxnadalshéi um þrjúleitið um nóttina og annar í Fnjóskadal um sexleitið um morguninn. Enginn slasaðist í bílveltunum tveimur en bílarnir skemmdust.

BENSÍNDÆLUR

Gamlar bensíndælur teknar niður Atlantsólía mun á næstu dögum láta taka niður bensíndælurnar sem notaðar hafa verið í Kópavogi. Þær eru komnar á fertugsaldurinn og tvær af fjórum orðnar ónýtar.

Sprengjubúnaður virkaði ekki

Jórdanska sjónvarpið birti í gær viðtal við konu sem segist hafa tekið þátt í sjálfsmorðsárásunum sem urðu 57 manns að bana auk tilræðismanna. Konungur Jórdaníu, Abdullah II, segir allt verða gert til að handsama sökudólgana.

JÓRDANÍA, AP Konan, sem var handtekin heitir Sajida Mubarak Atrous al-Rishawi. Hún tók þátt í sjálfsmorðssprengjutilræðunum sem skóku höfuðborg Jórdaníu, Amman, á miðvikudag. Þá voru samtímis sprengdar sprengjur á þremur hótélum og urðu þær 57 manns að bana auk tilræðismanna. Í viðtalinu lýsir al-Rishawi aðdraganda tilræðanna og hvernig eiginmaður hennar hafi kennt sér hvernig hún ætti að sprengja sig og aðra í loft upp. Hún fór ásamt manni sínum inn á hótelið þar sem meðal annars stóð yfir brúðkaupsveisla en þegar á hólminn var



KONAN SEM SLAPP LIFANDI Al-Rishawi í viðtali við jórdanska ríkissjónvarpið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Á GÖTUM AMMAN Jórdanir með mynd af Abdullah II. framan á bílnum sínum í skruðgöngu gegn hryðjuverkum sem fram fór í gær

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

komið virkaði sprengjubúnaður hennar ekki.

Sprengjuefnið sem þau notuðu var gríðarlega kraftmikið og er því haldið fram að tilræðið hafi

verið framið til þess að drepa eins marga og mögulegt væri. Í viðtalinu er al-Rishawi mjög stressuð en þar sýndi hún meðal annars sprengjubúnaðinn sem notast var

við. Hún var handtekin í gær en að sögn yfirvalda í Jórdaníu kom ábending úr rögum al-Kaída sem leiddi til handtöku hennar.

Al-Rishawi þessi er systir Mubarak Atrous al-Rishawi, sem er talin hafa verið hægri hönd al-Zarqawi, hæstráðanda al-Kaída í Írak. Handtaka konunnar er talin geta leitt til þess að hægt verði að afla mikilvægum upplýsingum um hryðjuverkastarfsemi al-Zarqawi. Mubarak al-Rishawi var hins vegar skotin af Bandaríkjaheir í Írak fyrir nokkru síðan.

Al-Kaída í Írak hefur nú þegar lýst yfir ábyrgð á sprengjutilræðunum og segja að þau hafi verið gerð til þess að mótmæla stuðningi Jórdaníumanna við Bandaríkjamann og önnur vestræn ríki. Konungur Jórdaníu, Abdullah II, segir að árásinar hafi ekkert með Vesturveldin að gera, þær hafi beinst að saklausum, jórdönskum ríkisborgurum. Hann bætir því hins vegar við að Jórdanía sé að taka afleiðingum stríðsrekstrar Bandaríkjamanna í Írak. Hann telur mikilvægt að Írak verði hluti af alþjóðlegu samfélagi. Abdullah segir að allt verði gert til þess að hafa uppi á þeim sem eiga sök á þessum glæpum, þó að leita þurfi út fyrir landsteina Jórdaníu og að handtaka al-Rishawi eigi eftir að hjálpa til í þeirri baráttu.

steinthor@frettabladid.is

Skráningarlýsing Landsbanka Íslands hf.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Skráningarlýsingin er gefin út í tengslum við tvær hlutfjárhækkningar sem nýlega áttu sér stað í Landsbanka Íslands hf., annars vegar 800.000.000 króna að nafnverði, skráð í Kauphöll Íslands hf. 18. apríl 2005 og hins vegar 2.120.677.803 krónur að nafnverði, skráð í Kauphöll Íslands hf. 3. október 2005.

Fyrri hlutfjárhækkunin var boðin hluthöfum Landsbanka Íslands hf. Tilgangur með hækkuninni var að styrkja eiginfjárstöðu bankans í ljósi mikils vaxtar á síðasta ári.

Síðari hlutfjárhækkunin var afhent hluthöfum Burðarás hf. í tengslum við skiptingu Burðarás hf. í tvær einingar með samruna við Straum Fjárfestingabanka hf. annars vegar og Landsbanka Íslands hf. hins vegar.

Hlutfé bankans er nú 11.020.677.803 krónur að nafnverði.

Þar sem hlutfé Landsbanka Íslands hf. hefur verið hækkað samtals um meira en sem nemur 10% af heildarhlutfé ber bankanum að gefa út skráningarlýsingu samkvæmt 1. gr. A-lið 3. t. Viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999.

Allt hlutfé Landsbanka Íslands hf. er skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. undir auðkenninu LAIS.

Skráningarlýsinguna er hægt að nálgast á vefsíðu bankans www.landsbanki.is og hjá umsjónaraðila skráningarinnar, Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, Reykjavík.



VILTUR ÚLFUR Í LANDKÖNNUNARLEIÐANGRI Úlfur rölti um göturnar í úthverfum Stokkhólms í gærmorgun. Hann var hinn rölegasti og lét ekkert fæla sig. Hér má sjá tvo úlfa í dýragarði. Talið er víst að úlfurinn í Stokkhólmi hafi verið villtur og einungis lagt í landkönnunarleiðangur til stórborgarinnar.

Úlfur gekk laus í úthverfum Stokkhólms í gær:

Spígsporaði um göturnar

SVÍPJOB Úlfur gekk laus í úthverfum Stokkhólms í gær. Úlfurinn var hinn rölegasti, gekk um götur og leyfði myndatökur af sér í gríð og erg.

Maður hringdi í lögregluna snemma í gærmorgun og sagðist hafa séð úlfinn. Þóttu orð hans ótrúleg en þegar fleiri hringdu og sögðust hafa séð úlf voru lögreglubílar sendir af stað.

Lögreglumennirnir fundu úlfinn og fylgdu tveir bílar honum eftir til að fæla hann ekki og hlífa honum við ónæði frá umferð. Lögreglumennirnir sögðu að það hefði verið

taugatrekkjandi að horfast í agu við úlfinn þegar hann gekk á milli lögreglubíla.

Úlfurinn hvarf svo og nokkrum tímum síðar sá fjölskylda í Salt-sjöbaden úlfinn fyrir utan eldhúsgluggann hjá sér. „Við hefðum ekki trú að þessu ef við hefðum ekki verið búnir að lesa um það,“ sagði heimilisfaðirinn.

EKKI ER VITAÐ HVAÐAN ÚLFURINN kom en talið öruggt að um villtan úlf sé að ræða.

Þetta kom fram í vefútgáfu Dagens Nyheter. ■

Hermenn í Kosovo sofa værum svefni:

Koddarnir syngja

DANMÖRK Danskir hermenn í Mitrovica í norðurhluta Kosovo og nágrenni sofa nú værum svefni, að minnsta kosti þeir sem hafa fengið að prófa tíu nýja koddna með fuglasöng og tónlist.

Mitrovica skiptist á milli Albana og Serba og er ekki alltaf friðsamlegt milli þessara þjóða. Hermennirnir hafa oft átt í erfiðleikum með svefn vegna átaka á svæðinu.

Hermennirnir hafa fengið að prófa koddann MusiCure sem hefur innbyggð hátalara. Hermennirnir sofa við fuglasöng eða klassíska tónlist.

340 hermenn eru á svæðinu.



KODDI MEÐ FUGLASÖNG Danskir hermenn í Kosovo sofa nú við fuglasöng og sofa vært, þrátt fyrir óróa á svæðinu.

Koddarnir eru tíu og fær hver hermaður að prófa koddna í hálfan mánuð.



HRAUNBÚAR Bæjarstjóri Hafnarfjarðar, Lúðvík Geirsson, hér á milli skátanna í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Skátafélagið Hraunbúar 80 ára:

Héldu upp á afmælið

AFMÆLI Skátafélagið Hraunbúar hélt upp á 80 ára afmæli sitt með veglegri afmælisveislu á laugardag. Veislan var haldin í Hraunbyrgi í Hafnarfirði og u.þ.b. 150 manns komu í afmælið. Ásgeir Ólafsson félagsforingur segir veisluna hafa verið skemmtilega

og gestirnir ánægðir. „Við reynum að halda reglulega upp á afmæli félagsins og gerum okkur glaðan dag við hvert tækifæri,“ segir hann. Í tilefni afmælisins var sögu félagsins síðustu 80 árin gerð skil með myndasýningu og verður hún opin eitthvað fram eftir viku. -eð



FRÁ TEL AVIV „Tár eru ekki í pólitískum litum, þau eru öll jafn sölt,“ sagði Eitan Haber, nánasti ráðgjafi Rabins, á samkomunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Yitzhaks Rabin minnst:

Tugþúsundir fylltu garðinn í Tel Aviv

TEL AVIV, AP Tugþúsundir Ísraels fylltu á laugardag garðinn í Tel Aviv þar sem Yitzhak Rabin forsætisráðherra var myrtur fyrir tíu árum. Auk þess að minnast friðarverðlaunahafans sáluga var tilgangur samkomunnar að hvetja ráðamenn til að finna friðsamlega lausn á deilunni fyrir botni Miðjarðarhafs.

Öfgasinnaður gyðingur skaut Rabin til bana 4. nóvember 1995 og kom verulegt bakslag í friðarferlið svonefnda í kjölfarið.

Á meðal þeirra sem vottuðu Rabin virðingu sína í gær var Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, en hann sagðist sakna Rabins sárt í viðtali við blaðamenn.



Af hverju keyrði ég ekki bara Sæbrautina heim?

Við sumum spurningum fást bara engin svör.

Óhöpp henda okkur og við því er ekkert að gera.

En þú getur brugðist við strax með því að tryggja hjá tryggingarfélagi sem gefur þér skýr svör og leggur áherslu á hraðvirkan frágang tjónamála.

Staðreyndin er því miður sú að maður er hvergi 100% öruggur í umferðinni.

Það er nógu erfitt að vera valdur að tjóni þó að ekki komi til mikill kostnaður að auki. Þess vegna er skynsamlegt að vera við öllu búinn og tryggja bílinn rétt. Kaskótrygging TM er ekki flókinn hlutur og það tekur enga stund að ganga frá henni.

Dæmi um hvað Kaskótrygging bætir:

- // Tjón á bílnum þínum vegna áreksturs við aðra bifreið eða kyrrstæðan hlut, veltu, útafaksturs, bruna, grjóthruns, snjóflóðs, skriðufalls og aur- og vatnsflóðs færðu bætt.
- // Tjón vegna þjófnaðar, innbrots, skemmdarverka eða skemmdra rúðna færðu bætt.
- // Hún greiðir bílaleigubíl í allt að 5 daga verði billinn þinn öökufær eftir tjón.

Dæmi um hvað Kaskótrygging bætir ekki:

- // Ef um vítavert gáleysi eða ásetning er að ræða bætir kaskótrygging ekki tjónið.
- // Þegar ökumaður telst vera óhæfur til aksturs vegna ölvunar eða lyfjanotkunar fæst tjón ekki bætt.
- // Ef hjólabúnaður eða undirgrind skaðast í akstri bætir kaskótrygging ekki tjónið.
- // Kaskótryggingin bætir ekki tjón vegna þjófnaðar eða skemmda á aukabúnaði, t.d. hjólkoppum og ljósabúnaði.


Kaskótrygging TM

TRYGGINGAMIDSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is



Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á. Hringdu í síma **515 2000** eða farðu á www.tryggingamidstodin.is og fáðu skýr svör.

TEGUND OG FJÖLDI SLYSA Á LANDINU Í APRÍL TIL JÚNÍ



Heimild: Landlæknisembættið

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: HÁSKÓLINN Á AKUREYRI SKER NIÐUR

Nemendum hefur fjölgað of hratt

Háskólinn á Akureyri þarf að draga úr starfsemi sinni þar sem opinber fjárframlög eru lægri en rekstrarkostnaður. Svo að endar nái saman verður deildum skólans fækkað úr sex í fjórar.

Hvað breytist?

Deildir sem hafa nána samvinnu renna saman. Eftirleiðis verða því viðskipta- og raunvísinda-deild, félagsvísinda- og lagadeild, heilbrigðis-deild og kennaradeild starfæktar við skólann. Auðlinda-deild og upplýsingatæknideild munu hins vegar heyra sögunni til. Með þessum aðgerðum leggjast tvö embætti deildarforseta af auk einhverra starfa til viðbótar.

Hvaða þýðingu hefur Háskólinn á Akureyri?

Auk þess að uppfærða og útskrifa fjölda nemenda á ári er fullt að Háskólinn hafi gríðarlega

þýðingu fyrir uppvöxt og framgang Akureyrbæjar. Lengi hefur verið bent á mikilvægi skólans í byggðapróun og hann nefndur sem gott dæmi um möguleika stjórnvalda til að snúa fólksflutningum af landsbyggðinni við. Yfir 1.500 nemendur eru við skólann í vetur, fastráðið starfsfólk er um 170 og stundakennarar vel á fimmta hundrað.

Hvers vegna þessi fjárhagsvandí?

Nemendum við Háskólann á Akureyri hefur fjölgað hratt á síðustu árum og líkast til hraðar en áætlanir stjórnvalda gerðu ráð fyrir. Við það hefur kostnaður aukist. Þá hefur flutningur starfsmanna á Sólborgarsvæðið á Akureyri kostað sitt, ekki síst afnot af hinu nýja Rannsóknahúsi en fyrir þau þarf skólann að greiða 60 milljónir króna í húsaleigu á ári.



SPURT & SVARÐ

■ NÝ VERKSMÍÐJA Í BJARNARFLAGI

Mýmörg tækifæri í Mývatnssveit

Ný verksmíða sem framleiðir vörubretti úr pappa tekur til starfa í Mývatnssveit á næsta ári. Verður hún staðsett á lóð Kísilíðjunnar við Reykjahlíð sem lokað var í fyrra, en Landsvirkjun keypti nýverið lóðina ásamt mannvirkjum. Þá var Sigbjörn Gunnarsson, sveitarstjóri í Mývatnssveit, heldur svartsýnn á atvinnuástandið í sveitinni en nú ætti að rættast eitthvað úr mállum.



SIGBJÖRN GUNNARSSON Sveitarstjóri í Mývatnssveit.

Þessi nýja verksmíða hlýtur að auka bjartsýni manna í Mývatnssveit á ný?

Já, það leikur enginn vafi á því að þetta er jákvætt, en auðvitað leysir þetta ekki allan vanda hjá okkur. En það voru líka að gerast góðir hlutir í atvinnumálum hjá okkur í fyrra, þegar baðlónið hér í Bjarnarflaginu tók til starfa, það er ekki síður atvinnuskapandi. Þar eru ýmsar hugmyndir á lofti um heilsutengda ferðaþjónustu sem eru mjög spennandi. Það eru mýmörg tækifæri í Mývatnssveit og ég er afar ánægður með aðkomu Landsvirkjunar að atvinnumálum hér.

Var eitthvað um að fólk flýtti úr sveitinni eftir að Kísilíðjan lokaði? Einhverjir fóru en það má segja að það hafi linað þjáningarnar hérna að atvinnuástandið hér austur á fjöllum var gott, þó það sé kannski ekki óskastaða að þurfa að sækja vinnu hédan á Káranhnjúka eða austur á firði.

Sigbjörn lætur senn af störfum sem sveitarstjóri í Mývatnssveit en er hann ánægður með dvölinu og árangurinn?

Já, ég fer hédan sáttur og held að ég skili af mér góðu bú. Það hefur alltaf verið aðalmarkmiðið mitt að sveitarsjóður sé ekki skuldsettur og það er hann ekki og það hefur bjargað mönnum núna þegar að kreppti í atvinnullifinu.

Kapp um lögsögu Norðurskautsins

Vísindarannsóknir benda til að hlýnun lofthjúpsins sé tvöfalt hraðari yfir Norðurheimskautinu en að meðaltali á jörðinni. Þessi vitneskja ásamt fleirum veldur því að mikið kapphlaup er hafið um efnahagslögsögu á svæðinu.

Aðilar að kapphlaupinu eru ríkin sem eiga land að Norður-Íshafi – Noregur, Rússland, Bandaríkin, Kanada og Danmörk fyrir hönd Grænlands. Ísland tengist þessum slag í gegnum aðild að Norðurskautsráðinu og Barentshafsráðinu. En meginágreiningurinn stendur á milli Bandaríkjanna og Kanada um lögsögu yfir norðvestur-siglingaleiðinni svonefndu, milli Noregs og Rússlands um lögsögu í Barentshafi, Kanadamenn og Danir/Grænlendingar etja kappi um smáeyju í hafinu milli Grænlands og Kanada, rússneska þingið neitar að staðfesta samning við Bandaríkin um lögsögumörk í Beringsundi og Danir, fyrir hönd Grænlendinga, trompa allt með því að gera tilkall til Norðrúpólísins sjálfs.

Norðurskautsísinn hopar hratt

„Svona virkar landafræðin,“ hefur fréttavefur breska ríkisútvarpsins, BBC, eftir Peter Croker, írskum olíumálasérfræðingi sem er formaður í þeirri nefnd Sameinuðu þjóðanna sem úrskurðar um landgrunnsmörk (Commission on the Limits of the Continental Shelf). Nefndin hefur það hlutverk að miðla málum milli ríkja sem deila um landgrunnsréttindi, en deilan um Hatton-Rockall-svæðið er dæmi um slíka deilu sem Ísland á aðild að.

Vísindamenn hafa spáð því að svo gæti farið að Norðurheimskautsísinn gæti bráðnað alveg yfir sumarið áður en þessi öld er liðin. Þetta kemur fram í alþjóðlegu skýrslunni Arctic Climate Impact Assessment sem gefin var út í fyrra. Hópi isinn svona mikið opnast áður ofærar siglingaleiðir og aðgangur að svæðum þar sem olíu- og gaslindir er að finna. Samkvæmt mati bandarísku landfræðistofnunarinnar (US Geological Survey) er um fjórðungur allra þeirra olíu- og gaslinda sem enn hafa ekki verið uppgötvaðar að finna á Norðurskautssvæðinu.

„Nú eru allir að setja sig í baráttustellingar. Loftslagsbreytingar eru að umbreyta Norðurheimskautssvæðinu. Í húfi eru orka, fiskur og siglingaleiðir,“ hefur fréttavefur BBC eftir dr. Rob Huebert, stjórnmálafræðingi við rannsóknamiðstöðina Centre for Strategic Studies við Calgary-



Á GRÆNLANDI Danir sem hafa yfirráð yfir Grænlandi deila um lögsögumörk Hans-eyju sem er á milli Grænlands og Kanada.

háskóla í Kanada. Hann telur að baráttan um lögsögu yfir þessum auðlindum verði áfram hörð. Nauðsynlegt sé að finna sáttaleið til að hafa stjórn á þróuninni og þar muni fjölþjóðlegar samstarfsstofnanir eins og Norðurskautsráðið hugsanlega geta gegnt mikilvægu málamiðunarhlutverki.

Meginátakamálin fimm

Meginátakamálin eru fimm: Lögsaga yfir Norðurskautinu sjálfu, Norðvestur-siglingaleiðinni, Barentshafi, Berlingsundi og Hans-ey. Samkvæmt 76. grein Hafréttarsáttmála SP getur hvert strandríki gert tilkall til 200 sjómílna efnahagslögsögu og allt að 150 mílna hafsbotsréttinda þar til viðbótar, sé hafsbotninn beint framhald landgrunns viðkomandi lands. Að óbreyttu á ekkert þeirra ríkja sem eiga land sem liggur að Norðurskautssvæðinu tilkall til lögsögu alla leið upp á Norðrúpólinn. Eins og er heyrir því lögsagan yfir Norðurskautinu sjálfu undir Alþjóða hafsbotsstofnunina, sem er ein af undirstofnunum SP og hefur aðsetur í Kingston á Jamaíku. Tvær leiðir að skiptingu lögsögunnar yfir Norðurskautinu milli ríkjanna fimm eru nú uppi á samningaborðinu. Önnur gengur út á að skipta lögsögunni eftir lengdarbaugsliðum. Hin leiðin, sem Kanadamenn og Danir styðja, er að lögsögumörkin fari eftir lengd næstliggjandi strandlengju. Samkvæmt þessari reglu myndi Danmörk (Grænland) fá lögsögu yfir pólnum sjálfum en lögsögusvæði Kanada stækka einnig. Kjarni deilunnar um Norðvestur-siglingaleiðina er að Bandaríkin

viðurkenna ekki lögsögu Kanada yfir henni. Minna er deilt um Norð-austur-siglingaleiðina (frá Barentshafi norður fyrir Síberíu austur til Austur-Asíu). Þessar siglingaleiðir gætu skipt miklu máli fyrir Ísland, þar sem hér gætu verið umskipunarhafnir fyrir skip sem sigldu þessar leiðir. Deilan um Hans-eyju snýst um lögsögumörk milli Kanada og Grænlands, sem gæti skipt máli fyrir könnunar- og vinnsluréttindi hugsanlegra orkulinda undir hafsbotninum. Kanada og Danmörk gerðu samning um lögsögumörkin á þessu svæði árið 1973, en í honum var ekki tilgreint hverjum Hans-ey tilheyrði.

Barentshafsdeilan stendur að mestu á milli Noregs og Rússlands. Miklar gas- og olíulindir eru taldar vera undir botni Barentshafs og því eru hér miklir efnahagslegir hagsmunir í húfi.

Deilan um Beringsund rakin til ársins 1990 þegar Bandaríkin og Sovétríkin gerðu með sér samning um lögsögumörk þar. Rússneska þingið hefur neitað að fullgilda þennan samning og heldur því fram að samkvæmt samningnum hafi lögsaga Rússlands minnkað um 50.000 ferkílómetra.

Bandaríkin utangátta

Meðal atriða sem flækja úrlausn þessara mála er að hlutaðeigandi ríki þurfa að bera fram þær lögsögukröfur sem það telur að það eigi tilkall til samkvæmt Hafréttarsáttmála SP innan ákveðins frests. En Bandaríkin hafa enn ekki fullgilt Hafréttarsáttmálann, þar sem nokkrir öldungardeildarþingmenn í Washington hafa fyrirvara um að Bandaríkin væru að afsala sér fullveldisrétti með fullgildingunni. Þar af leiðandi stendur eitt hinna hlutaðeigandi ríkja, sem svo vill til að er valdamesta ríki í heimi, utan við þá leit að málamiðlunum sem nú er í gangi. ■

DW

Sigurður Ingólfsson lenti í útistöðum við mótörhjólagenti

ÍSLENSKUR FJÖLSKYLDUFAÐIR Á DAUÐALISTA HELLS ANGELS

Þeirir þegar aðrir þegja!



SIGLT UM ÍSINN Vísindamenn hafa spáð því að svo gæti farið að Norðurheimskautsísinn gæti bráðnað alveg yfir sumarið áður en þessi öld er liðin.

FRÉTTASKÝRING
AUDUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is



FLÍSA- OG PARKETDAGAR



VERÐDÆMI:

Eik Family.

Parket með viðarlæsingu,
kr. 2790 m²

Gólfflísar 30x30 cm.
kr. 1106 m²

Veggflísar 20x25 cm.
kr. 924 m²



Glæsilegt úrval af flísum og parketi á góðu verði

**Egill
Arnason hf**

Ármúli 8 - 108 Reykjavík

595 0500 - www.egillarnason.is

skoðun

SJÓNARMÍÐ
GUMMUNDUR MAGNÚSSON

Formaður Samfylkingarinnar þarf að vera skýrari og nákvæmari.

Hvar eru lausnirnar?

Ræða Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingarinnar, á flokkstjórnarfundinum á laugardaginn skerpti að nokkru leyti línurnar í stjórnmalabaráttunni. Hún kom skýrum orðum að því að hún telur að Sjálfstæðisflokkurinn sé höfuðandstæðingurinn, að Samfylkingin eigi að byggja á arfleifð íslenskrar jafnaðarstefnu og vera ófeimin við að halda verkum jafnaðarmanna á fyrri tíð á lofti. Megináhyggjuefni formannsins er aukinn ójöfnuður í íslensku þjóðfélagi. Hún kveðst hafna þjóðfélagi þar sem „hagræðið vegur þyngra en réttlætið, þar sem skilvirknin er sett ofar sanngirninni“. Þá vill hún að Samfylkingin standi vörð „um miðjuna í íslenskum stjórnmalum“ á grundvelli stefnu sem sé „lausnamiðuð“ og vísi til framtíðar.

Í sjálfu sér er ekki óeðlilegt að Samfylkingin skilgreini Sjálfstæðisflokkinn sem helsta keppinaut sinn. Samfylkingin er næststærsti flokkur landsins og var komin nálægt Sjálfstæðisflokknum að kjölfylgi í síðustu kosningum. Deila má um þær einkunnir sem Ingibjörg Sólrún gaf sjálfstæðismönnum, en þær voru þó kurteisari og málefnalegri en gusan sem Samfylkingin fékk yfir sig frá fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins á landsfundinum á dögnum.

Það er rétt hjá Ingibjörgu Sólrúnu að margt sem talið er íslensku samfélagi til gildis nú á dögum er upprunalega baráttumál forvera hennar í stjórnmalum. En það er frekar sagnfræði en raunhæft umræðuefni í nútímanum. Og það getur líka verið varhugavert að leiða umræðuna á slíkar brautir, því þegar nær dregur í tíma verður ljósara hve margt af því sem vinstri flokkar og jafnaðarmenn hafa staðið fyrir á undanförunum árum hefur verið slakt og misheppnað.

Það kann að vera rétt að bilið milli ríkra og fátækra á Íslandi hafi aukist á undanförunum árum. Ástæðan er samt ekki sú að hinir fátæku búi við verri kjör en áður; þvert á móti hefur kaupmáttur almennings aukist og á Íslandi ríkir meiri hagsæld en víðast hvar í heiminum. Hins vegar hafa hinir ríku orðið ríkari en áður í kjölfar þeirra tækifæra sem skapast hafa við viðtæka einkavæðingu og frjálsræði í efnahags- og viðskiptalífi. Við þurfum öll að vera vakandi yfir þeim sem höllum fæti standa og vissulega búa ýmsir þjóðfélagshópar hér á landi við kjör sem eru óviðunandi. En ekki má gleymast að það er athafnafrælsið – ekki stjórnvaldsaðgerðir – sem skapar auðinn og tækifærin. Og Ingibjörg Sólrún ætti ekki að gleyma því þegar hún reynir að eigna Samfylkingunni heiðurinn af þátttöku Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu, að EES-samningurinn er öðru fremur grundvöllur þess markaðsskipulags sem við Íslendingar búum við og þar með kröfunnar um hagræðingu og skilvirkni sem hún deilir á.

Stóri gallinn við ræðu Ingibjargar Sólrúnar var að um leið og hún boðaði „lausnamiðuð“ stefnu nefndi hún nánast engin áþreifanleg dæmi um hvernig flokkurinn færi að ef hann settist í ríkisstjórn. Þetta er ekki traustvekjandi. Nýverið deildi Ingibjörg Sólrún á fyrirhugaða lækku tekjuskatts og boðaði í staðinn lækku matarskatts. Urðu margir hennar eigin flokksmanna til að gagnrýna þá stefnu. Athygli vekur að hún vék ekki einu orði að skattamálu í ræðu sinni. Þetta gefur upp um hringlandahátt Samfylkingarinnar byr undir vængi. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir býr yfir ýmsum kostum sem stjórnmalaföringi en hún þarf að vera skýrari og nákvæmari ef hún ætlar að laða til sín kjósendur sem í senn vilja njóta ávaxta markaðsskipulagsins og hafa í heiðri jafnræði og réttlæti. ■

Af hverju er vínið geymt í eik?

ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN

VÍN
SÝNINGIN
2005

19.-20. nóv.
í Smáralind



VÍN
SÝNINGIN
2005

Mótsagnakennd vinnubrögð

Jón G. Tómasson birti í gær grein í Morgunblaðinu sem líkleg er til að vekja umtal, ekki síst vegna þess að höfundurinn er þjóðkunnur sem vand- aður og vammlaus embættismaður. Jón var um skeið ríkislögmaður, en lengst af borgarritari og borgarlögmaður í Reykjavík. Hann var nánasti samstarfsmaður



Davíðs Odds-sonar meðan Davíð var borgarstjóri. Greinin fjallar um meðferð ákæruvalds í tilefni af Bausmáli og með sam- anburði við Hafskipsmálið á níunda

FRÁ DEGI TIL DAGS

áratugnum. Jón gerþekkir Hafskips- málið þar sem hann var kvaddur til dómarastarfa í Hæstarétti við meðferð þess. Hann rifjar upp að hann hafi þá talið aðfinnsluvert hvernig staðið var að ákæru í málinu. Rekur hann dæmi um mótsagnakennd vinnubrögð þriggja saksóknara sem að því komu.

„Ekki að tilefnislausu“

Jón skrifar síðan: „Því hefur verið haldið fram – og ekki að tilefnislausu – að upphaf Bausmálsins megi um sumt líkja við upphaf Hafskipsmálsins, að pólitísk umræða og aðkoma sterkra afli á vettvangi stjórn mála hafi hrundið af stað mun víðtækari rannsókn og að beitt hafi verið óvægari aðgerðum en tilefni hafi verið til. Upphaflega ákæru- atriðið virðist vera orðið aukaatriði, en öllu snúið við í leit að einhverju, sem geti talist saknæmt. Ákæruvaldið fær

falleinkunn hjá dómstólum, en segir: ekkert mál, við ákærum bara aftur. Og sér ekki fyrir lyktir málsins í bráð.“

Utanaðkomandi áhrif

Jón minnir á að ákæruvaldið sé vand- meðfarið. Þeir sem sékir séu um afbrot verði að taka afleiðingum gerða sinna, en gæta verði þess að fara ekki með valdið á þann veg að grunur vakni um, að þar gæti utanaðkomandi áhrifa, pólitískra eða annarra, og við framkvæmd rannsókna verði að gæta meðalhófs. „Og til þeirra, sem með valdið fara, verður að gera þá kröfu, að svo vel sé vandað til verka, að dómstólar geti fjall- að efnislega um sakarefni og almenn- ingur efast ekki um, að huglægt mat hafi ráðið við rannsókn máls og útgáfu ákæru“, skrifar Jón.

gm@frettabladid.is

No nonsens frambjóðandi

Ansi var það hraustlega mælt hjá Stefáni Jóni Hafstein að Sjálfstæðismenn hefðu valið á milli tveggja lakra kosta í prófkjöri sínu á dög- unum og væru nú komnir aftur á byrjunarreit í leiðtogakreppu sinni. Nú hef ég að vísu nokkra reynslu af því að vera þegn Stefáns Jóns – þegar ég var busi í menntaskóla og hann var ármaður skólafélagsins – og get vitnað um ómælda leiðtogahæfileika Stefáns, réttsýni hans, heiðarleika og einlæga löngun til að láta gott af sér leiða – ég er líka viss um að kjörþokki hans mun reynast ómældur þegar hann verður kominn á fulla ferð og fær að njóta sín í baráttunni – en honum skjáttast þegar hann heldur að Sjálfstæðismenn hafi valið milli tveggja lakra kosta í prófkjöri sínu. Og honum skjáttast hrapallega þegar hann heldur að nú séu Sjálfstæðismenn komnir á byrjunarreit. Nær væri að segja að þeir séu loksins komnir af byrjunarreit.

Það var eins og rynnandi allt í einu upp fyrir Sjálfstæðismönnum í Reykjavík að borgarstjórn- arkosningar í Reykjavík snúast um stjórnina á Reykjavík, ýmis úrlausnarefni og úrræði til að léttja borgunum lífið fremur en forystuna í Sjálfstæðisflokknum, gamalt stolt eða hefndir gagnvart Ingibjörgu Sólrúnu, og því var hinum almenna sjálfstæðismanni nú loksins treyst til að velja í prófkjöri þann sem þeir töldu hæf- astan. Og þeir völdu þann sem augsýnilega hafði mest vit á mál- efnum borgarinnar. Þegar Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson talar um lóðaframboð eða einsetningu eða gatnaframkvæmdir – og allt þetta sem talað er um í sveitarstjórn- armálum – þá hefur maður á til-

Í DAG
PRÓFKJÖR SJÁL-
STÆÐISMANNNA



GUMMUNDUR ANDRI THORSSON

Þegar Vilhjálmur P. talar um borgarmálefni er hann eins og þaulvanur hljóðfæraleikari í góðum gir á balli, geislandi af öryggi og hæfilega tempraðri spilagleði.

finningunni að þar að baki liggi lestur á milljón skýrslum. Þegar Vilhjálmur Þ. talar um borgarmálefni er hann eins og þaulvanur hljóðfæraleikari í góðum gir á balli, geislandi af öryggi og hæfilega tempraðri spilagleði. Það er viss unun að hlusta á hann fjalla um málefni borgarinnar rétt eins og ævinlega er unun að fylgjast með góðum fagmanni vinna sitt verk vel.

Og þar með er heldur ekki sagt að Gísli Marteinn Baldursson hafi verið lakur kostur. Það var vel af sér vikið að sigra slíka sjón- varpsstjórn. Þar bauðst Sjálfstæðismönnum ungur maður sem virtist vera að springa úr framkvæmdaþrá og virtist líklegur til að geta hagnýtt sér þá smörtu áru sem miðbær Reykjavíkur hefur skyndilega fengið í augum heimsins – hagvanur í hundrað og einum. En Breiðholtið og Grafar- vogurinn sigruðu hann. Eins og í öllum kosningum: rétt eins og í til-

dæmis flugvallarmálinu þar sem Breiðholtið og Grafarvogurinn skiluðu auðu alla leið inn á borð til Sturlu Böðvarssonar. Með alkunn- um afleiðingum fyrir Vatnsmýr- ina. Reykvíkingar hefðu getað bjargað henni og komið í veg fyrir Hringbrautarafmána hefðu þeir sýnt snefil af áhuga á því að taka þátt í þessum kosningum.

Gísli Marteinn tapaði fyrst og fremst vegna þess að Vilhjálmur er sterkari frambjóðandi en menn virðast unnvörpum átta sig á. Vissulega hjálpaði ekki til fyrir Gísla Marteinn að á bak við hans slétta og viðfellelega andlit glitti í smettið á gömlu valdaklíkunni sem þjóðin hefur nú fengið sig fullsadda af. Ekki dugði þar að fela Hannes Hólmstein síðustu vikunnar fyrir kjörið. Fólk virtist þannig á einhvern furðulegan og ef til vill öfugsnúinn hátt upplifa Gísla Marteinn sem fulltrúa gamla tímans en Vilhjálm sem fulltrúa nýrra sjónarmiða innan flokksins sem einkennast af meiri mildi, meiri pragmatík, meiri málefnun – minni heift og minni þvælu.

Þetta er það sem Stefán Jón og aðrir andstæðingar Sjálfstæðisflokksins þurfa að átta sig á. Vilhjálmur er no nonsens fram- bjóðandi og hann mun sækja inn á lendur miðjunnar, til almennings – til Samfylkingarinnar. Sjálfstæðismenn virðast hafa dregið ályktanir af afhröði sínu og Framsóknar í Reykjavík í síðustu þingkosningum. Þeir hafa gert sér grein fyrir því að Samfylkingin er fjöldaflokkur á miðjunni sem berst við Sjálfstæðisflokkinn um að vera stærsti flokkurinn í borginni. Stundum er maður ekki alveg viss um að Samfylkingarfólk geri sér fulla grein fyrir þessu sjálft. ■

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna
viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Gúmmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík ABALSÍMI: 550 5000 SÍMBREÐ: 550 5000 NETFÓNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

TÖLVUTILBOÐ

VL15
Vaxtalaus í 15 mánuði
9.993

ACE 3500+

GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

<p>Örgjörvi 3500+ Athlon64 - 939 640K flytíminni, 1600MHz FSB+HT</p> <p>Móðurborð MSI K8N NEO4 FI - SATA2 PCI-Express 16x, 8xUSB2, FireWire</p> <p>Minni 1GB DUAL DDR 400MHz Corsair Corsair minni með lífstíðarárbýrgð</p> <p>Harðdiskur 250GB WD SE 16MB - SATA II SATA2 300 / 7200RPM og 16MB buffer</p> <p>Skjákort 128MB GeForce6 NX6600GT</p> <p>Skjár 17" LCD Acer 1751as Gamer 8ms viðbragðstími og CrystalBrite</p> <p>Skrifari 16x DVD± DL skrifari Skrifari og les DVD og CD diska</p> <p>Hljóðkort 7.1 Dolby Digital DTS - EAX2 Frábært í leiki og bímyndir</p> <p>Hátalarar 5.1 Altec Lansing hljóðkerfi 5 öflugir hátalarar og bassabox</p> <p>Netkort Gigabit 10/100/1000 Töndub og hraðvirkni netkort</p> <p>Stýrikerfi Windows XP Home - SP2 Á íslensku eða ensku</p>	<p>64 BITA 3500+ Leifandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bita tækni, Hyper Transport og 1600FSB</p> <p>CRYSTALBRITE 17" LCD Gamers Edition skjár með 8ms viðbragðstíma og ótrúlega litadýpt með CrystalBrite</p> <p>SATA II - 16MB Western Digital SATA2 harðdiskar eru hljóðlátari dreifanlegri og allt að 100% hraðvirkari</p> <p>5.1 HLJÓÐKERFI Altec Lansing 151i glæsilegt og kraftmikill 5.1 hljóðkerfi með 5 hátalarum og öflugum bassaboxi</p> <p>GEFORCE 6600GT MSI GeForce NX6600GT er öflugt skjákort með 1000MHz DDR3 minni, DVI, og TV-út tengi</p> <p>SPECIAL EDITION ACE SE kemur í útlurni með nar hljóðlausum öflugja, PRO mís, lykklabori og SE músarmottu</p>
---	--

149.900

ACE SPECIAL EDITION

ACE P4 TILBOD 7

VL18
Sannvís Vaxtalaus í 18 mánuði
10.994

Intel PD 830 DualCore örgjörvi 2x1MB cache EM64T og SpeedStep 1GB DUAL DDR2 minni • 250GB WD SATA2 harðd. 16MB buffer 17" LCD Acer skjár • 256MB GeForce7 NX7800GT skjá kort 16xDVD±/DL skrifari • Dolby 7.1 hljóðkort • 2.1 hátalarakerfi Gigabit netkort • Windows XP PRO á íslensku eða ensku

VERÐ 197.900

ACE AMD TILBOD 4

VL15
Sannvís Vaxtalaus í 15 mánuði
6.660

3000+ AMD Sempron64 - 1600FSB og HT • 512MB DDR400 minni 250GB WD SE harðdiskur með 8MB buffer • 17" LCD Acer skjár 128MB ATI Radeon X300 skjá kort • 16xDVD±/DL skrifari Dolby Digital 5.1 hljóðkort • 2.1 hátalarakerfi • 10/100 netkort Mjög hljóðlát • Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 99.900

ACE AMD TILBOD 1

VL12
Sannvís Vaxtalaus í 12 mánuði
9.992

1.8GHz AMD Duron • 128MB minni 40GB harðdiskur • 52x geisladrif 17" CRT skjár • 64MB S3 Unichrome skjá kort • 2 hátalarar • Innbyggð 10/100 netkort • Windows XP Home

VERÐ 49.900

ACE P4 TILBOD 3

VL12
Sannvís Vaxtalaus í 12 mánuði
9.992

3.0 GHz Intel P4 630 EM64T SpeedStep 512MB minni • 200GB SATA2 harðdiskur 16xDVD±/DL skrifari • 17" LCD skjár 128MB GeForce6 NX6200 skjá kort Sjónvarpskort • Windows XP Home

VERÐ 119.900

MSI H2 - MPC915

VL12
Sannvís Vaxtalaus í 12 mánuði
6.658

3.0 GHz Intel P4 630 EM64T SpeedStep 512MB minni • 200GB harðdiskur 17" LCD skjár • 16xDVD±RW skrifari Intel GMA900 skjá kort • hátalarapar Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 119.900

MSI - MPC TV

VL12
Sannvís Vaxtalaus í 12 mánuði
6.658

3.06GHz Intel P4 Celeron D345 örgjörvi 256MB minni • 250GB SE harðdiskur 16xDVD±RW skrifari • Intel GMA900 skjá kort • Þráðlaus lykklabori og þráðlaus mús • Win XP Home

VERÐ 79.900

Magnaður Canon iP4200 ljósmyndaprentari

VERÐ 12.900

Sennheiser RS110 þráðlaus heyrnatól

VERÐ 4.990

256MB hágeða USB2 Corsair Thumb Drive lykll

VERÐ 2.990

512MB DD400 minni með lífstíðarárbýrgð

VERÐ 4.990

Hive

4GB download 8MB tenging
HiveLite
kr. 3.990* á mánuði

*M.v 12 mánaðasamning á kreditkort eða með greiðsluseðli

VERÐ 2.990

VERÐ 4.290

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3.5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

EYSTEINN JÓNSSON (1906-1992)
fæddist þennan dag.

„LÍTIL ÞJÓÐ KEMUR EKKI Í FRAMKVEMD
STÓRUM VERKUM NEMA HÚN SÉ FRJÁLS.“

Eysteinn Jónsson gegndi embætti
ráðherra fyrir Framsóknarflokkinn
í mörg ár.



tímamót

timamot@frettabladid.is

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

Þegar andlát ber að
Stöðtíðin 15 ár höfum við feðgar
aðstoðað við undirbúning útfara.
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110,
893 8638 og 897 3020
Útfararþjónustan ehf.
Stofn 1990

Ólafar Baldvins
frá Brún, Akureyri.

Sérstakar þakkir eru til starfsfólks á Dvalarheimilinu
Hlíð fyrir góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Ingibjörg H. Valgarðsdóttir	Jóhann Ólafsson
Vordís B. Valgarðsdóttir	Steingrímur Svavarsson
Sylvía S. Valgarðsdóttir	Uni Pétursson
Dórothea K. Valgarðsdóttir	Matthías Eiddsson
Hjálmfríður Ó. Valgarðsdóttir	Ívar Jónsson
Friðrika S. Valgarðsdóttir	Magnþór Jóhannsson
Guðrún P. Valgarðsdóttir	Frimann Jóhannsson
Hersteinn K. Valgarðsson	Ólöf Árnadóttir
Benjamín B. Valgarðsson	Rósa Kristín Nielsdóttir
Hanna B. Valgarðsdóttir	Baldur Jónsson
Rafn Valgarðsson	Halldóra Árnadóttir

barnabörn, langömmubörn og fjölskyldur þeirra.

Fróðleikur af gardur.is

Hugsjónakona um kvenréttindi og guðspeki:

Aðalbjörg Sigurðardóttir

Aðalbjörg Sigurðardóttir var f. 10. jan. 1887 í Miklagarði í Eyjafirði, dóttir Sigurðar bónda Ketilss. og k.h. Sigríðar Einarsd. Bráðgjör og námfús, fór 13 ára í Kvinnask. Akureyrar. Fekk hæstu einkunn í kennaraprófi frá Flensborgarskóla 1905. Nam í Mjólkurskólanum á Hvítárvöllum 1906 til að tryggja sér sumarstarf. Námsfarir erlendis, kynnti sér aðferðir Montessori. Heimiliskenn. 3 vetur, rjómabústyra á sumrin. Kenn. í barnask. á Ak. 1908-18. Hóf þar félagsmálastörf, flugmæsk og skýr ræðumaður. Form. skólan. barnaskóla í Rv. 15 ár. Sat í fræðsluráði. Vara- bærjarfulltr. Rv. 1930-38. Form. nefndar sem samdi lög um barnavernd 1930. Sat í barnav. nefnd Rv. til 1938. Annaðist kvikmyndaeftirlit ríkisins 35 ár. Í nefndum sem undirbyggju fræðslulög 1948 og tilhögun húsmæðraskóla. Varaform. Kvenrétt. fél. Ísl. Form. Bandal. kvenna 1944-66. Í stjórnum Barna- vinafél. Sumargjafir. Stóð að stofnun Mæðrastreksn. Varaform. Kvenfél. samb. Ísl. 1943-61. Einn stofnenda Guðspekifél. Ísl. 1912. Form. fél. Stjarnan í austri. Var 1. kona sem steig í stól í Ísl. kirkju, 1969. Flutti ótal erindi, m.a. í út-varp, margt útgefið. Þýddi 4 skáldsögur og rit Krishnamurtis. RF 1957, heiðursfél. KRFI og Sumar-gjafir. Lézt 16. febr. 1974. M.h. (1918): Haraldur Nielsson (1868-1928), próf. í guðfræði. B.þ.: Jónas Haralz bankastj. og Bergljót kona Bjarna Rafnar yfirlæknis.

Meira um hana á gardur.is

Hægt er að setja inn auðveldig látinna Íslendinga með því að fíngla í síma 585 2700 eða á gardur.is.

PETTA GERÐIST > 14. NÓVEMBER 1973

Anna prinsessa giftist almúgamanni

Á þessum degi árið 1973 gekk Anna Bretaprinsessa að eiga Mark Phillips, lautinant í breska hernum. Um 500 milljónir horfðu á beina útsendingu af athöfninni.

Anna og Mark kynntust gegnum hestamennsku sem var sameiginlegt áhugamál þeirra. Tilkynnt var um trúlofun þeirra í maí þetta ár en þetta var aðeins í annað sinn á yfir 200 árum sem einhver úr bresku konungsfjölskyldunni giftist almúgamanni.

Parið eignaðist tvö börn, Pétur fæddan árið 1977 og Zöru sem fæddist fjórum árum síðar. Þau skildu í apríl 1992 og urðu þar með önnur konunglegu hjónin til að gera slíkt á tuttugustu öldinni en fyrst til var Margrét prinsessa, systir Elísabetar drottningar, sem skildi við mann sinn, Snowdon lávarð.

Í desember árið 1992 giftist Anna á ný, nú Timothy Laurence lífsforingja og fyrrum fylgdarmanni drottningar.



ANNA PRINSESSA OG MARK PHILLIPS

Fyrsti eiginmaður Önnu giftist einnig á ný og eignaðist dóttur. Það var þriðja dóttir hans því hann hafði eignast eina dóttur utan hjónabands meðan hann var enn giftur Önnu prinsessu.

MERKISABURÐIR

- 1851 Bókin Moby Dick er gefin út í fyrsta sinn.
- 1963 Eldgos hefst á hafsbotni suðvestur af Vestmannaeyjum. Þar myndast eyja sem nefnd er Surtsey.
- 1963 Ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar tekur við völdum.
- 1969 Mönnuðu geimfluginni Apollo 12 er skotið á loft með það að markmiði að lenda á tunglinu.
- 1983 Tómas Guðmundsson skáld andast.
- 1996 Söngvarinn Michael Jackson giftist Deborah Rowe.
- 1998 Ný lyfjaverksmiðja Delta hf. í Hafnarfirði er tekin í notkun.

HÓLMFRÍÐUR KARLSDÓTTIR: VALIN UNGRÚ HEIMUR FYRIR TUTTUGU ÁRUM

Oft erfitt en alltaf skemmtilegt

Íslendingar ætluðu að springa úr stolti þegar Hólmfríður Karlsdóttir hlaut titilinn Miss World á þessum degi fyrir tuttugu árum. Enda sannaðist þar enn og aftur að á Íslandi byggju feegurstu konur heims. Hólmfríður, sem ávallt var kölluð Hófi, varð á augabragði eitt þekktasta andlit þjóðarinnar.

„Auðvitað var það ævintýri að taka þátt í keppninni sem slíki en það sem stendur upp úr frá þessum tíma eru öll ferðalögin og allt sem fyrir augu bar og maður fékk að taka þátt í,“ segir Hólmfríður sem starfar í dag sem leikskólakennari. Góðgerðastarfið sem hún gegndi á þessum tíma er henni einnig ofarlega í huga. „Maður fann hve þakklætið var mikið,“ segir Hófi sem ferðaðist til fleiri landa en hún getur munað á þessu eina ári en hún ferðaðist einnig fyrir Íslands hönd og vann ótulllega að landkyrningu fyrir íslensk fyrirtæki á erlendri grund.

„Mesta upplifunin var að koma til fjarlæggra landa sem maður þekkti ekki,“ segir Hófi sem fór meðal annars til nokkurra landa í Asíu og Mið-Ameríku eins og El Salvador og Gvatemala.

Þrátt fyrir að Hólmfríður hafi talið sjálfa sig feimna á þessum tíma þótti henni ekki óþægilegt að standa í sviðsljósinu þetta ár. „Það voru yfirleitt allir almennilegir í minn garð,“ segir hún og man ekki eftir neinu neikvæðu. „Auðvitað var þetta oft erfitt og mikið álag, en yfirleitt mjög skemmtilegt og lærdómsríkt,“ segir Hófi sem minnst þess að umstangið í kringum keppnina sjálfa í London hafi verið töluvert þótt það jafníst ekkert á við það sem gerist í dag. „Þarna var heil hæð aflokuð



BROSIR Í GEGNUM TÁRIN Hófi varð í öðru sæti í fegurðarsamkeppninni hér á landi en heillaði erlenda dómara upp úr skónum.

á hótelinu sem við vorum á og fleiri, fleiri lifverðir sem pössuðu upp á allt saman,“ segir Hófi en stúlkurnar gátu aldrei farið af hæðinni nema í fylgd einhvers.

Hófi kynntist mörgum stúlkum í keppninni en hefur þó ekki haldið sambandi við þær. „Við her-

bergisfélagi minn frá Ísrael skrifuðumst á svolítið lengi en svo veit ég ekkert hvað varð um hana,“ minnst Hófi en sjálf dró hún sig að mestu í hlé eftir að hún lauk ári sínu sem ungrú heimur. Hún fór að starfa sem leikskólakennari og kom lítið nálægt fegurðarbransanum

eða fyrrisætustörfum eftir þetta.

Líf Hólmfríðar er því allt annað í dag en það var fyrir tuttugu árum. Hún er þó sæl með sitt og líkar vel að vinna á leikskóla. „Þetta er það sem ég valdi mér,“ segir Hólmfríður ánægð með lífið.



FJÖLMÍÐLAFÁR Hin fallega alheimsdrottning vakti athygli erlendra fjölmiðla meðan á leiðtogafundinum stóð árið 1986.



DROTTNING Í ANNAÐ SINN Hólmfríður og Elfar Rúnarsson á giftingardaginn.



GAMAN AÐ BÖRNUM Hólmfríður hefur starfað sem leikskólakennari í fjölda ára og líkar það alltaf jafn vel. Þessi mynd er tekin af henni með leikskólabörnum árið 1993.



Reykjavík 9.53 13.12 16.30
Akureyri 9.52 12.57 16.01

hús o.fl.

Geymsla fær nýtt hlutverk bls. 4
Hrein teppi eru eins og síur bls. 2

fasteignir o.fl.

Vífill Magnússon bls. 11
Gluggarnir í Þingholtunum bls. 22

allt - fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 14.
nóvember, 318. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

Ás	14-16
Bífröst	7
Draumahús	23-26
Eignastýring	21
Fasteignastofan	11
Fasteignastofa Suðurlands	17
FF	36
FM	8
FMG	8
FMH	12
Foss	13
Hof	9
Hraunhamar	30-31
Húsalind	18
Húseign	37
Klettur	34-35
Lundur	28
Lyngvík	19
Lögmenn	27
Neteign	20
Nýtt	10
Smárin	32-33
Remax Mjódd	17
X-hús	6

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ
SMÁAUGLÝSINGAR
Á visir.is

visir



Einbýlishús á tveimur hæðum með séríbúð í kjallara.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fallegt hús í vel ræktuðum garði

Fasteignasölnurnar Húsið og Smárin eru með 263,4 fermetra einbýlishús til sölu að Melabraut 17 á Seltjarnarnesi. Húsið er tvær hæðir auk kjallara og hefur að mestu verið endurnýjað.

Á neðri hæð er flísalagt anddyri, rúmgott hol, lítið skrifstofuherbergi, nýuppsett eldhús og stofa og borðstofa með útgangi út á stórar svalir og þaðan út í garð. Gert er ráð fyrir lítilli gestasnyrtingu á neðri hæðinni en hún er ófrágengin. Parkett á neðri hæð er úr gegnheilli hnotu.

Upp á efri hæð liggur stigi sem mun verða parkettlagður með nýju handriði og í stíghúsinu er stór franskur gluggi.

Á efri hæð er rúmgott sjónvarpsherbergi, tvö barnaherbergi með skápum,

hjónaherbergi með rislofti og útgangi út á litlar svalir og flísalagt baðherbergi með hornbaðkari með ljósum og nuddi, upphengdu salerni og vaski í borði. Parkett á efri hæð er gegnheilt úr rauðeik.

Í kjallara er þvottahús, stór geymsla, geymsla undir stiga og tveggja herbergja íbúð með sérinnangi. Í kjallaraíbúðinni er eldhús með nýrri eldavél og stofa í sama rými, svefnherbergi með skápum og flísalagt baðherbergi með sturtuklefa.

Rafmagnstafla og allt rafmagn í húsinu er nýtt.

Við húsið er bílskúr þar sem búíð er að leggja fyrir rafmagn og heitu og köldu vatni en eftir er að tengja það.

Garðurinn er stór og vel ræktaður og í honum er matjurtagarður og lítið tréhús.

Ásett verð er 63 milljónir.

LIGGUR Í LOFTINU [HÚS OG FASTEIGNIR]

Nýtt mötuneyti er nú í bígerð hjá grunnskólanum í Bolungarvík. Í október var nýr matsalur opnaður í skólanum en eldamennskan hefur hins vegar farið fram í félagsheimilinu Vikurbæ og maturinn síðan fluttur á milli, en lítið hefur verið á það sem tíma- bundna lausn.

Nítján íbúða fjölbýlishús á fimm hæðum verður reist á lóðinni Holsflöt 6 á Akranesi. Húsið verður samtals rúm 2.000 fermetrar og er arkitekt Kristinn Ragnarsson.



Lóðaúthlutun fyrir hið nýja Krikahverfi í Mosfellsbæ hófst á miðvikudag. Lóðir fyrir tæplega 200 íbúðir eru til úthlutunar.

Krikahverfi verður á óbyggðasvæðinu vestan Reykjavegar og norðan Vesturlandsveggar. Gert er ráð fyrir að tæplega sextíu prósent íbúðanna verði einbýlishús, rað-

og parhús. Hreyfihömluðum og fjölskyldum þeirra er veittur forgangur að fjórum einbýlishúsalóðum í hverfinu.

Íbúðalán

4,45%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGARSTJÓLA SÍM 29467 11/2005

Kattalúgur eru mjög sniðugar á veturna fyrir þá sem eiga ketti. Það getur orðið ansi kalt í húsinu ef að það þarf alltaf að láta glugga standa opinn til þess að kettirnir komist út og inn.



ÍBÚÐARHÚS - FRÍSTUNDAHÚS
BYGGÐ ÚR NORSKUM KJÖRVIDI - NÁTTÚRUVÆN FÚAVÖRN

Rc Hus Grensasveg 22. Sími 511 5550. Veffang. www.rchus.is

AMERÍSKIR
GLUGGAHLERAR

glæsileg lausn
FYRIR ÍSLENSKA GLUGGA

www.gluggahlerar.is | ameriskir@gluggahlerar.is | Sími: 555 4755 | Gsm: 892 4756

Ný sending af kristalsljósakrónum

Arinbúðin

Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið) - Sími 567 2133 - www.arinn.is

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Glæsilegt úrval
Sisal og Kókos
gólfteppa

Heimilisgólfdukar
Tilboðsverð
frá kr. 900 á m²

Teppamottur
40% afsláttur

Teppi horn í horn

Stigateppi
Níðsterk og létt í þrifum

Gerum tilboð að kostnaðarlausu

GÓLFBÚNAÐUR
KJARAN EHF • SÍDIMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 510 5510 • 510 5500
OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.



Árni á góðan tækjakost til teppahreinsunar og hefur tuttugu ára reynslu í faginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hrein teppi eru eins og síur


Fyrirtækið Skúfur sérhæfir sig í hreinsun teppa, lítilla og stórra, finna og grófra, mjúkra og harðra. Skúfur er á Kleppsvegi 150 í húsi við hliðina á Jói Fel og Árni Svavarsson er sérfræðingurinn.

Arrested Development hafa hlotið einróma lof gagnrýnenda og vitar. Þeim hefur hins vegar ekki gengið nógu vel að ná til amerískra áhorfenda. Þeir hafa þó nú þegar fest sig í sessi sem „költ“-sjónvarpsþættir og munu lífa sem klassískt sjónvarpsfáni um ókomna framtíð, en FOX virðist ekki þykja nógu mikil réttlætning fyrir áframhaldandi framleiðslu. Arrested Development er á dagskrá Stöðvar tvö á föstudagskvöldum.

Frosti Logason & Unnur Birna



„Jú komiði sæl, þetta er Frosti og þið eruð að hlusta á X-ið. Vel á minnst, Unnur villtu ekki giftast mér.“ Svona gæti bónorð Frosti Logasonar til Unni Birnu Vilhjálmsdóttur hljómað og við hin fengjum að heyra þegar fegurðardrottningin hringdi inn með tærin í augunum og játaðist heitmanni sínum.

Það yrði heldur ekki amaleg brúðkaupsveisla. Veislustjórar yrðu Elín Gestsdóttir og Þorkell Máni, umboðsmaður Mínuss. Strákarnir myndu síðan spila fyrir dansi og hápunktinum yrði náð þegar Svala Björgvins, Krummi og Bryndís Guðjónsdóttir myndu syngja saman.



Jón Ólafsson & Hildur Vala



Það er föstudagskvöld og öll þjóðin hefur komið sér vel fyrir framan viðtækið. Einnhverjir hafa poppað og sitja með börnunum sínum uppi í sófa. Allt í einu birtist Jón Ólafsson á skjánum, klæddur í smóking, skellir sér á skeljarnar og biður Idol-stjörnu Íslands, Hildi Völu. Þjóðin fer á annan endann og látunum má líkja við þegar Friðrik krónprins og Marie Donaldson opinberuðu ást sína.



Það þarf varla að taka það fram að brúðkaupið verður í Smáralindinni. Jói og Simmi verða að sjálfsögðu veislustjórar og gott ef Bubbi lætur ekki sjá sig með gítarinn. Hápunktinum verður þó náð þegar allir bestu Idol-keppendurnir stilla strengi sína saman og syngja Oh Happy Day.

Ásgeir Kolbeins & Ragnheiður Guðfinna

„Þetta er íslenski listinn og hér kemur Josh Groban í tilefni af því að ég, Ásgeir Kolbeins, vil ganga að eiga Ragnheiði Guðfinnu.“ Ekki amalegt bónorð það. Hún myndi að sjálfsögðu fljúga utan um hálsinn á honum (Allar sjónvarpsstjörnurnar eru jú uppi á Lynghálsi).

Brúðkaupsveisla þeirra myndi náttúrulega slá öll met því Ásgeir er jú góður vinur Loga Bergmanns og ef það er einhver sem hefur reynslu af fjölmiðlabrúðkaupum þá er það hann. Skítamóráll myndi spila í kirkjunni og jafnvel að Two Tricky færu með Júrúvision s l a g a r a n n Angel. Fyrir dansi myndu í svörtum fötum og Írafár slá saman í stórt band og trylla lýðinn. Það má heldur ekki gleyma að það verður Breezer á kantinum.



Svavar Örn & Daníel Örn

Þessir fríðleikspiltar eru hvers manns hugljúfi og því er ekki spurning að þjóðin vill fá að vita hvenær þeir ætli að láta vígja sig saman. Idol Extra þátturinn er framleiddur fyrir það sem er óvenjulegt og á meðan Svavar fylgdist með Jóni biðja Hildar Völu þá fengi hann sömu flugu í hausinn. Reyndar fengjum við ekki að sjá bónorðið í beinni heldur á Sirkus en það dregur ekki úr glæsileikanum eða hugmyndafluginu.

Veislan yrði náttúrulega mögnuð enda hefur Svavar eignast urmullinn allan af frægum vinum í gegnum starf sitt sem hárhönnuður Stöð 2. Allar helstu sjónvarpsstjörnur myndu mæta á svæðið, Inga Lind Karlsdóttir og Svanhildur Hólm yrðu veislustjórar. Þeir sem fá ekki boðskort í þetta brúðkaup eru ekki á A-listanum. Þetta er brúðkaup sem við viljum sjá í beinni.



Vilhjálmur Vilhjálmsson & Guðrún Kristjánsdóttir

Kosninganóttin er löng og ströng. Borgarstjórnarkosningar hafa aldrei verið jafn spennandi. Að lokum tilkynnir Páll Magnússon í beinni frá RÚV að Sjálfstæðisflokkurinn hafi unnið borgina. Mikill fögnuður brýst út og leiðtogi flokksins í borginni stígur á



stokk. Er hægt að fullkomna kvöldið eitt-hvað frekar en með bónorði í beinni? Þá fyrst fær Sjálfstæðisflokkurinn að sjá alvöru fögnuð. Brúðkaupsveislan yrði ein sú allra glæsilegasta í manna minnum. Dóttir leiðtogans, Jóhanna Vilhjálmsdóttir, myndi stýra veislunni af stakri snilld og ekki myndi það skemma fyrir að goðsögnin úr Seðlabankanum, Davíð Oddsson, kæmi og flytti stutta tölu. Gísli Marteinn færir með gamanmál um kosningabaráttuna sem var náttúrulega bæði „dregileg“ og „heidarleg“.

Breyttur afgangiðslutími í Skaftahlíð 24

Virka daga kl. 8–18.
Helgar kl. 11–16.

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.



27" flatsjónvarp



Flottasta tilboðið


Ódýrasta 27" tækioð

DVD spilar og Batman í kaupbæti!



MEDION

- MD41527
MEDION 27" LCD TV
 • 27" LCD Skjár
 • High Definition ready
 • Upplausn 1280x720
 • Mynd í Mynd (PIP)
 • Contrast 500:1
 • Birta 500cd/m2
 • Textavarp
 • Magnari 2x 10W RMS
 • Tengir: 2 Scart/RGB/2 S-VHS/ 1 Component
 • PC-ingangur / Tengir fyrir heymatöl
 • Fjarstýring



Stækkubú stofuna! Örpunnt LCD Sjónvarp

Kaupauki

FYLGIR

7.499**


Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

89.988
STAÐGREITT



High Definition Ready

Sjónvarpið er með 1280x720 dpi upplausn á meðan hefðbundin sjónvörp eru með 640x480 dpi. Flatsjónvarpið getur því skilað skýrari mynd en þú átt að venjast.



Ótal tengimöguleikar

Sjónvarpið er útbúið 2 scart tengjum sem auðveldar tengingar við DVD spilara, heimabið eða afruglara. Einnig er tækioð útbúið 2x S-VHS og RGB tengi.



Mynd í mynd

Tækioð er útbúið mynd í mynd tækninni sem er mjög þægileg fyrir þá sem vilja vita hvað er að gerast hverju sinni.



Tengdu við tölvuna

Medion flatsjónvarpið er með inngang fyrir tölvur. Upplausnin býður uppá góða mynd jafnvel á 27" tæki.

Fartölvutilboðið



MEDION SONOMA

- MEDION C7 SONOMA**
 • Intel® Centrino™ mobile tækni
 • Pentium® M 1.73 GHz örgjörvi (740)
 • 15.4" WXGA skjár (1280x800)
 • Nvidia GeForce Go 6200 skjástýring
 • Sjónvarpskort og fjarstýring
 • 1 GB DDR2 minni
 • 80 GB diskur
 • Super DVDRW +/- skrifari "DUAL LAYER"
 • Hátalara með bassaboxi
 • 54Mbit þráðlaust netkort
 • TV-Out, DVI, Firewire, S/PDIF, Bluetooth
 • MediaBay kortalesari
 • Lithium-Ion rafhláða
 • Þyngd 3 kg

FYLGIR

Quake4 fylgir með Medion Sonoma



15,4" WIDE SCREEN

Öflugt skjákort

Öll nýjasta tækni s.s. Direct X 9.0, PureVideo™, PCI-Express, CineFX 3.0, UltraShadow II o.fl. tryggir þér bestu spilun í nýjustu leikjunum

Sjónvarpskort og fjarstýring

Gerir þér kleift að horfa á sjónvarp beint úr tölvunni, taka upp efni til geymslu eða til að setja á DVD.

Ný Intel tækni - Sonoma

Hraðari gagnabráutir, meiri stöðugleiki ásamt mun öflugri skjástýringu.

Útskiptanleg skjástýring

Nú er hægt að skipta um skjástýringu í fartölvunni. Hentar vel fyrir þá sem gera kröfur um hraða og vilja uppfæra fartölvuna þegar nýjar skjástýringar koma á markaðinn.

DV Ready

Gerir stafræna myndvinnslu að veruleika. Nú er leikur einn að færa myndskæði af stafrænni tökuvel og klippa til.

Fyrsta greiðsla 1. janúar

4.537*

4.537*
Tölvukauplán 48 mán.

9.999**
Vaxtalaust 16 mán.

159.984
Staðgreitt

Ekki missa af þessu

Frábær í leikina!



Kaupauki

Panasonic MiniDv videóél NVGS17B

DV tengi og USB2 Miklir tengimöguleikar við PC og Apple vélar

2.5" Litaskjár Hágæða LCD litaskjár sem þú snýrð eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.

800x aðdráttur Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.



FYLGIR

35.988

HUGSABU STÓRT **SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

blaðið FM 957

Þetta var hið fullkomna fri þangað til þau fundu fjársjóðinn!
Sjóðheit spennumynd með ofurtóffaranum Paul Walker og hinn stórglæslegu Jessicu Alba.

In Her Shoes
★★★★
"Frábær kvikmynd, áhugaverðari og fyndnari en bestar þær sem bólið hefur verið upp á undanfarið"
-MMJ Kvikmyndir.com

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20 B.i. 14 ára
Sýnd í Lúxus kl. 5.40, 8 og 10.20

★★★★ SV MBL
Ný íslensk heimildarmynd sem hefur farið sigurferð um heiminn
"MEISTARASTYKKI" H.E. Máið

Africa United
★★★★ DV
Sýnd kl. 4 og 6
Frá leikstjórum There Is Something About Mary

THE FIRST WIVES
★★★★ SV MBL
Sýnd kl. 8
Frá framleiðendum The Professional og La Femme Nikita

Sýnd kl. 5, 8 og 10.45 B.i. 12 ára
Sýnd kl. 10.20 B.i. 16 ára

DC Dolby DTS Digital Surround IFCX BÍÓ.IS – allt á einum stað

REGNBÖGINN Sími 551 9000

blaðið FM 957

Þetta var hið fullkomna fri þangað til þau fundu fjársjóðinn!
Sjóðheit spennumynd með ofurtóffaranum Paul Walker og hinn stórglæslegu Jessicu Alba.

In Her Shoes
★★★★
"Frábær kvikmynd, áhugaverðari og fyndnari en bestar þær sem bólið hefur verið upp á undanfarið"
-MMJ Kvikmyndir.com

Sýnd kl. 5.30 og 8

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20 B.i. 14 ára
Sýnd kl. 10.30 B.i. 16 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

OKTÓBERBÍÓFEST
www.iclandfilmfestival.is 26. október -14. nóvember

Crónicas • Sýnd kl. 6
Spænskt tal/enskur texti
Kung Fu • Sýnd kl. 6
Ensukur texti
Hostel • Sýnd kl. 8
Ensukur texti

Drawing Restraint 9 • Sýnd kl. 8
Ensukur texti
Separate Lies • Sýnd kl. 10.20
Ensukur tal/íslenskur texti
Adams Æbler • Sýnd kl. 10.20
Dansk tal/ótextuð

bara lúxus **LAUGARÁS BÍÓ** Sími 553 2075

PEIR VORU LEIÐDIR Í GILDIRU...
ÞU ÞARF ERNIVER AD GJALDA!

FOUR BROTHERS
Nýrka spennumynd frá leikstjóra
Z. Fost, Z. Fostur og "Boyz n the Hood"

Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:20 kl. 16 ára

TOPP MYNDIN Á ÍSLANDI Í TVÆR VINDUR
"THE MENTALIST" (SÍMULÍKA)
"THE MENTALIST" (SÍMULÍKA)
"THE MENTALIST" (SÍMULÍKA)

THE DESCENT X
★★★★★
Sýnd kl. 10:20 kl. 16

Borgarbíó

Slegist um Stellu

Þúsundir kvenna slógust um fót Stellu McCartney sem komu í búðir H&M verslunarkerðjunnar á fimmtudaginn. Fötin voru til sölu í yfir 400 búðum í 22 löndum en aðeins í takmörkuðu upplagi. Örtröð myndaðist fyrir utan margar H&M verslanir í Stokkhólmi og frumskógarlög-málið tók völdin þegar búðirnar opnuðu. Eltingarleikur við að ná fötum af slám og gínum hófst og konurnar hlupu næstum hver aðra niður í æsingnum.

Mikil eftirvænting hefur verið eftir fötum Stellu, dóttur Bítillsins góðkunnna, og er auglýsingaherferðin „Stella McCartney for H&M“ talin geta skilað miklum söluhagnaði. Talsmenn verslunarinnar telja þó ekki endilega að hagnaðurinn komi af sölu á fötum Stellu sjálfra heldur muni athygli og áhugi á búðinni aukast til muna. Auk þess ætti þessi áhugi á fatalínu Stellu að geta dregið athyglina

frá nýlegu hneyksli í kringum kókaínmisferli fyrirsætunnar Kate Moss sem var aðalandlit kerðjunnar. Henni var sagt upp í kjölfar hneykslisins.

„Það er gott að geta boðið upp á sérstök merki í takmörkuðu upplagi sem kosta ekki svo mikið,“ segir Carl Eric Linn, vörumerkjastjóri H&M. „Samstarfið við Stellu mun gera það að verkum að allir munu þekkja verslunarkerðjuna.“ ■



ÞAÐ VAR HANDAGANGUR Í ÖSKJUNNI ÞEGAR STELLA MCCARTNEY LÍNAN VAR KYNNT Í H&M.



STELLA MCCARTNEY FATAHÖNNUÐUR

Ágætis hlutur frá Nylon

TÓNLIST

[UMFJÖLLUN]

Stúlknaflökkurinn í Nylon er sér á báti í íslensku tónlistarlífi. Hann var settur saman af Einari Bárðarsyni eftir langar og strangar áheyrnarprufur á Hótel Loftleiðum. Þetta var algjör nýlunda hér á landi en tilbúnar sveitir hafa tíðkast bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum með góðum árangri. Þrátt fyrir allar hrakspár og forðoma gagnvart stúlkunum verður ekki annað sagt en að Nylon hafi eignast traustan aðdáendahóp. Þá skemmir ekki fyrir að stúlkurnar hafa sinn sjarma, bráðhuggulegar og vafalaust dreymir einhverjar tólf ára stelpur um að vera uppgötvaðar...alveg eins og þær Klara, Emilía, Alma og Steinunn.

Á plötunni Góðir hlutir hefur ekkert verið til sparað. Erlendir lagahöfundar og upptökustjórar eru fengnir í lið með sveitinni. Greinilegt að legið hefur verið yfir hverjum tón og hverri röddun enda er platan nánast lýtalaus þegar kemur að tæknilegri vinnu.

Góðir hlutir á að kynna til leiks nýja hlið á flokknum. Þær eru ekki lengur kornungar stúlkur sem landinn fékk að sjá fyrir rúmu ári síðan heldur þroskaðar konur. Laga- og textasmíðarnar eiga að ýta undir þessa ímynd sem umslagið staðfestir endanlega. Áferðin minnr óneitanlega á það sem er að gerast í stúlknasveitagerðum núna en sterkust eru áhrifin frá því sem Sugarbabes hefur verið að gera enda ber sú ágæta sveit höfuð og herðar yfir aðra í þessum iðnaði.

Lagasmíðarnar eru flestar mjög traustar en útsetningarnar eru leiðigjarnar til lengdar. Óskiljanlegt hvornig menn geta verið jafn ófrumlegir og að nota þennan klassíska gítar jafnmik-



GÓÐIR HLUTIR

Nylon

Niðurstaða: Nylon verður að setja meiri þokka í tónlistina ef þær vilja selja þessa „meiri þroskuðu“ ímynd.

íð. Þá eru „kóver“-lögin tvö, Dans dans og Eins konar ást, ekki nógu vel heppnuð. Valið á því síðastnefnda er vel skiljanlegt þar sem það hentar ótrúlega vel til að sýna fram á röddunarþæfileika en framsetningin er leiðinleg og þá sérstaklega munnharpan. Titillagið er nokkuð skemmtilegt sem og áður nefnt lag nr. fimm og flokkurinn nær sér vel á strik í rólegu lögunum. Þar kemur hins vegar skýrast fram að Klara Ósk er sterkasta söngkonan í hópnun.

Nylon hefur sannað að það er vel hægt að halda úti tilbúnni sveit. Þegar kemur að markhópi sveitarinnar er það útlitið sem skiptir máli, lagasmíðar mega ekki vera flóknar og táningsstúlkur verða að geta hermt eftir þeim. Þessi atríði eru algjörlega útpæld hjá útgefanda sveitarinnar. Fyrir mitt leyti verður flokkurinn hins vegar að setja meiri þokka í tónlistina ef þær eiga selja mér meira þroskuðu ímyndina.

Freyr Gígja Gunnarsson

„Ef við byrjum saman í dag verðum við komin með

15.961.867 kr. eftir 35 ár.*“

Mótframlagið þitt

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara. Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

*Lokainneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 25 ára einstakling með 240.000 kr. í mánaðarlaun.

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl. 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓNUM KRINGLUNNI

STARSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HÁKADÖRGI • S. 530 1119 • www.haskolabio.is

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
ELIZABETH TOWN KL. 5.30-8-10.30	DOOM KL. 8	CHICKEN LITTLE <i>enskt tal</i> KL. 6-8-10.10 B.I. 12
ELIZABETH TOWN VIP KL. 8-10.30	PERFECT CATCH KL. 8	LITLI KJÚLLINN <i>isl. tal</i> KL. 6
LITLI KJÚLLINN <i>isl. tal</i> KL. 4-6		TWO FOR THE MONEY KL. 8-10.30 B.I. 16
LITLI KJÚLLINN VIP <i>isl. tal</i> KL. 4-6		KISS KISS BANG BANG KL. 8-10.10 B.I. 12
CHICKEN LITTLE <i>enskt tal</i> KL. 4-6-8-10.10	AKUREYRI	WALLACE & GROMIT <i>isl. tal</i> KL. 6
TWO FOR THE MONEY KL. 8-10.30 B.I. 12	TWO FOR THE MONEY KL. 8-10	
KISS KISS BANG BANG KL. 10.30 B.I. 16	FLIGHTPLAN KL. 10	
TIM BURTON'S CORPSE BRIDE KL. 4-6-8-10.10	MUST LOVE DOGS KL. 8	
FLIGHTPLAN KL. 8.154 B.I. 12		
WALLACE & GROMIT <i>isl. tal</i> KL. 4		
THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 6 B.I. 14		

OKTÓBERBÍÓFEST

LA MARCHÉ DE L'EMPEUR	KL. 6-8
GUY X	KL. 8
DRABET	KL. 10
HIP HIP HORA!	KL. 6
THE ASSASSINATION OF RICHARD NIXON	KL. 8

ALFABAKKI: 587 8900 KRINGLAN: 530 0800 AKUREYRI: 461 4646 KEFLAVÍK: 421 1170

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kate Moss mun vinna fyrir Burberry áftur jafnvel þó að fréttir hafi borist um að tískuhúsið hafi í fyrstu rift samningum við Moss eftir að upp komst um eiturlýfjaneyslu hennar. **Christopher Bailey**, listrænn stjórnandi Burberry, kom samningum við Moss aftur á og sagði það aldrei hans ætlun að snúa baki við Moss. „Það hefur svo mikil þvæla verið birt í blöðunum í sambandi við Burberry og Kate Moss. Er Kate enn partur af Burberry-fjölskyldunni? Algjörlega,” sagði hann.

Ozzy Osbourne er ekki hrifinn af áætlunum rokkarans Ali Mubarret sem segist ætla að bjóða upp útidyráhurðina sína og láta ágóðann renna til góðgerðarmála en Ali býr í húsinu sem Ozzy bjó í á sínum æskuárum. Ali er orðinn svo dauðþreyttur á aðdáendum Ozzy sem fara í pílgrimsferð að húsinu og krotu á hurðina að hann vill taka hana niður og gefa hana. „Þessi gaur er að tala um að selja gömlu hurðina mína á eBay. En þetta er ekkert hurðin mín, það er greinilega búið að skipta. Við vorum aldrei það snobbuð að við værum með gler í hurðinni okkar,” sagði Ozzy hneykslaður.

Paul McCartney mun verða fyrsti tónlistarmaðurinn sem mun senda tónleikana sína beint út í geiminn. Söngvarinn mun senda út lögin English Tea, af nýjstu plötu sinni, og lagið Good Day Sunshine. Bein útsending verður frá tónleikum hans í Anaheim í Bandaríkjunum. Hugmyndin kom upp þegar Paul frétti að geimfarar í flauginni Discovery hefðu verið vaktir einn daginn með laginu Good Day Sunshine. „Ég var mjög hreykinn þegar ég frétti af þessu og vona að með útsendingunni okkar getum við endurgoldið greiðann,” sagði hann.

Hljómsveitin **The Strokes** hefur loksins talað um komandi Evróputúr sinn en þar mun sveitin heimsækja borgir eins og Sydney, London, París, Amsterdam, Stokkhólm, Berlín, Milánó og Madrid. „Við munum flytja átta lög og fara svo. Alveg eins og var þegar við gáfum út okkar fyrstu plötu, þegar enginn þekkti okkur eða tónlistina okkar,” sagði **Albert Hammond Jr.** „Við trúum því að þetta muni byggja upp talsverða spennu.”

HYUNDAI
hefur gæðin

Áreiðanleiki og lúxus

Sigurvegari í alþjóðlegum gæðakönnunum



SONATA
Verð frá kr. 2.240.000

Bíll á mynd: Hyundai SONATA LUX, sjsk, verð 2.850.000



Með bílinn handa þér

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Opð virka daga frá kl. 10 til 18 og laugardaga frá kl. 12 til 16.

BÍLASALA AKUREYRAR SÍMI 461 2533 • BÍLÁS AKRANESI SÍMI 431 2622 • SG BÍLAR REYKJANESBÆ SÍMI 421 4444 • JG BÍLAR EGISSTÖÐUM SÍMI 471 2524



Spánverjar á leiðinni

Líklegt er að Spánverjar komi hingað til lands næsta sumar og spili vináttuleik við íslenska landsliðið í knattspyrnu þar sem liðið er nánast öruggt með sæti á HM eftir sigur á Slóvakíu um helgina, 5-1. Áður hafði spænska knattspyrnu-sambandið boðað komu landsliðs síns hingað færi svo að það kæmist í lokakeppni HM.

sport
sport@frettabladid.is

ÓLAFUR KRISTJÁNSSON: SEGIR EKKI NÆGILEGA SAMVINNU RÍKJA MILLI LANDSLIÐA ÍSLANDS

Öll landsliðin verða að vera á sömu línu

Ólafur Kristjánsson, fyrrverandi þjálfari Fram, var gagnrýnninn á stefnu KSÍ varðandi uppbyggingu yngri landsliða á þjálfararáðstefnu sem KSÍ og KÍ stóðu fyrir á laugardag. Ólafur telur að það sé skortur á stefnumótun þegar kemur að landsliðunum og það sé hugsanlega ein meginskýringin á því af hverju A-landsliðið sé ekki betra en raun ber vitni.

„Ég velti því fyrir hvort að það sé einhver rauður þráður í gegnum öll landsliðin upp í sjálf A-landsliðið þar sem unnið er að markvissri uppbyggingu. Hver stýrir þróun og stefnumótun íslenskrar knattspyrnu? Er hvert og eitt félag að vinna í sínu horni eða er einhver stefna á vegum KSÍ?“

Þessari spurningu varpaði Ólafur til Eyjólf Sværissón-

ar, nýráðins þjálfara A-landsliðsins, sem var einn af fyrirlesurum ráðstefnunnar. Ólafur kveðst hafa fengið fá svör. „Nei, ég fékk ekkert svar en veit að það er engin ákveðin stefna. Ég hef að minnsta kosti ekki ennþá séð hana. Við erum alltaf að tala um að landsliðið okkar sé svo lélegt og leitum skýringa á því en ef uppbygginguna skortir verður landsliðið aldrei gott,“ segir Ólafur.

„Við þurfum að sjálfsgöðu að styrkja það landslið sem er núna en það verður að sjálfsgöðu að styrkja b y r j a

á því að styrkja þá landsliðsmenn sem verða til staðar eftir 10 ár. Þetta er svona í öllum íþróttum. Ég get nefnt danska kvennalandsliðið í handbolta sem dæmi. Danir voru með slakt landslið eins og Ísland fyrir tuttugu árum þegar þeir fóru markvisst að byggja upp yngri landsliðin. Í dag eiga þeir eitt besta kvennalandsliðið í heimi,“ segir Ólafur og kallar á skýr markmið.

„Ég sé ekki neina stefnu í íslenskum fótbolta, á engan hátt. Ég tel að það sé nauðsynlegt að koma á þessum rauða þræði sem unnið verður að því að styrkja svo að nýir þjálfarar séu ekki sífellt að byrja á núlli. Það er auðvitað hægt að halda ástandinu óbreyttu en ef það á að nást betri árangur verða öll landsliðin að vera á sömu línu,“ segir Ólafur.

> Ungir leikmenn á Íslandi jafngóðir og aðrir í Evrópu

Þjálfararáðstefna KÍ og KSÍ sem haldin var á laugardag reyndist hin fróðlegasta og jafnframt hin mesta skemmtun fyrir þá sem á hana mættu. Fyrirlesarar og aðrir þátttakendur hennar kepptust við að henda fram fullyrðingum og á köflum nokkuð harðri gagnrýni á hina ýmsu þætti innan knattspyrnuhreyfingarinnar á Íslandi og fullyrði Teitur Þórðarson meðal annars að ungir leikmenn á Íslandi væru ekkert síðri en flestir jafnaldrar þeirra um gjörvalla Evrópu. Það væri hins vegar stökkið upp í meistaraflokk sem reyndist þeim dragbítur þar sem æfingaálagið á Íslandi væri eðlilega mun minna en hjá öðrum félögum í Evrópu.



JOHN TERRY David Beckham vill sjá hann sem næsta fyrirliða enska landsliðsins.

David Beckham:

Terry yrði góður arftaki minn

FÓTBOLTI David Beckham, núverandi fyrirliði enska landsliðsins, segir að John Terry hljóti að koma sterklega til greina sem arftaki fyrirliðabandsins. Michael Owen er núverandi varafyrirliði liðsins og þá þykir Steven Gerrard koma sterklega til greina þegar Beckham leggur landsliðsskóna á hilluna. En það er Terry sem virðist heilla Beckham mest. „Ég held að hann búi yfir öllum þeim kostum sem fyrirliði Englands þarf að hafa,“ segir Beckham. „Hann er fyrirliði Chelsea og hefur fyrir löngu sannað leiðtogaþæfileika sína. Ég held að hann yrði frábær fyrirliði.“

Ice-fitness Íslandsmótið:

Rannveig og Kjartan sigruðu

FITNESS Kjartan Guðbrandsson og Rannveig Kramer urðu hlutskörpust á Íslandsmóti Ice-fitness sem fram fór í Laugardalshöll á laugardagskvöld. Hörd barátta var í báðum flokkum og réðust úrslit ekki fyrir en í síðustu grein sem var samanburður.

Kjartan setti m.a. Íslandsmet í upphýfingum og dýfum þar sem hann náði 99 slíkum samanlagt. Þá setti Rannveig einnig Íslandsmet í armbeygjum hjá konunum með því að taka 88 slíkar.

Atvinnumennska á Íslandi innan næstu fimm ára

Teitur Þórðarson, þjálfari KR, segir framtíðina á Íslandi aðeins stefna í eina átt miðað við peningana sem komnir eru í íslenska boltann.

FÓTBOLTI Teitur Þórðarson, þjálfari KR, telur að atvinnumennska verði við lýði í íslenskum fótbolta innan fimm ára og bendir, máli sínu til stuðnings, á að peningarnir í íslenskum fótbolta í dag séu oft á tíðum síst minni en hjá liðum í norsku úrvalsdeildinni.

„Þegar ég var úti í Noregi að þjálfra Brann og Lyn á sínum tíma þá voru þetta ekki atvinnumenn,“ sagði Teitur við Fréttablaðið í gær. „Atvinnumennskan kemur ekki til Noregs fyrr en 1994 og þá var það mjög algengt að menn væru í hlutastörfum með fótboltanum. Menn æfðu klukkan sex á morgnana og svo aftur seinna um daginn og þannig hefur þetta byggst upp í Noregi og Skandinavíu. Það sama er að gerast hér núna. Eftir nokkur ár verða félög in hér orðin atvinnufélög svo þetta breytist allt saman. Þetta er framtíðin á Íslandi. Við höldum á sínum tíma að þetta væri ekki framtíðin í Noregi eða Skandinavíu en þetta hefur gjörbreytt allt saman þarna úti og það er alls staðar atvinnumennska. Eftir allar þær breytingar sem hafa orðið hér á nokkrum árum þá tel ég að þetta gerist innan fimm ára, það er að segja að einhver af þessum liðum hérna á Íslandi verði orðin meira eða minna atvinnulið,“ segir Teitur.



TEITUR ÞÓRÐARSON Segir að atvinnumennska verði á Íslandi eftir fimm ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá að undanförunum fara laun leikmanna á Íslandi síhækkandi og eru dæmi um að menn þeni allt að fimm milljónir á ári fyrir það eitt að spila fótbolta en Teitur segir það mun hærra laun en hjá mörgum leikmönnum í Noregi.

„Ég er ekki alveg búinn að átta mig á því en vissulega er verið að borga mjög góð laun á sumum stöðum hérna á Íslandi. Launin í Noregi eru vissulega góð, bestu liðin í Noregi eru að borga mjög vel og sumir leikmenn þar eru að þéna 30 milljónir á ári,“ segir

Teitur og bætir við að sjálfsagt séu margir leikmenn hér á landi sem þeni ekkert minna en kollegar þeirra í Noregi.

„Þó svo að menn séu atvinnumenn eru þeir ekki á neinum gróarlega háum launum. Það eru stóru liðin sem borga rosalega vel en í öðrum liðum eru menn að hafa kannski þrjár milljónir á ári. Ég get nefnt Alesund sem dæmi, þeir féllu reyndar úr efstu deildinni í Noregi núna en þar eru margir leikmenn sem eru ekki að þéna þrjár milljónir á ári. Það sama gildir um fleiri lið,“ segir Teitur.



ROLAND ERADZE Er ekki eins alvarlega meiddur og talið var í fyrstu.

Handknattleikslíð Stjörnunnar:

Eradze frá keppni í rúma viku

HANDBOLTI Meiðslin sem markvörður Stjörnunnar, Roland Valur Eradze, varð fyrir í leiknum gegn Val í 16-liða úrslitum SS-bikars karla í síðustu viku reyndust ekki eins alvarleg og talið var í fyrstu en hann mun vera frá í rúma viku. Margir ráku upp stór augu

þegar Eradze mætti í áhorfendastúkuna á leik Fram og Þór í DHL-deildinni í gær með hendina vafða í gífs og töldu margir að Eradze væri brotinn. Hins vegar er aðeins um teygð liðbönd að ræða og ætti Eradze að verða klár á ný í næstu viku.



WAYNE ROONEY Var frábær í leiknum í gær, skoraði mark og var duglegur við að leggja upp fyrir félagana sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frammistaða ensku landsliðsmannanna í leiknum gegn Argentínu á laugardag:

Wayne Rooney var bestur allra

FÓTBOLTI Enskir fjölmiðlar eru allir sammála um að Wayne Rooney hafi verið besti leikmaður enska landsliðsins í 3-2 sigrinum á Argentínu á laugardag og að þeir Paul Robinson og Steven Gerrard hafi staðið honum næst og að sjálfsögðu Michael Owen, sem reyndist betri en enginn á lokamínútunum. Rooney fær að lágmarki níu í einkunn hjá öllum helstu fjölmiðlum Bretlands og er farið afar fögrum orðum um frammistöðu hans.

„Þótt hann myndi aldrei skora aftur yrði hann alltaf valinn sjálfkrafa í byrjunarliðið vegna eiginleika hans í að slátra vörnum andstæðinganna,“ sagði meðal annars í umsógn hjá The Guardian.

Einnig eru allir sammála um að leikstjórnandinn Juan Roman Riquelme hafi verið besti leikmaður Argentínu í leiknum enda fór nánast allt spil liðsins í gegnum hann og átti hann ekki í miklum erfiðleikum með að fara framhjá Ledley King, sem settur var honum til höfuðs í leiknum með takömörkuðum árangri.

EINKUNNIR ENSKU LANDSLIÐSMANNANNA

	THE SUN	GUARDIAN	SKY	BBC
PAUL ROBINSON	8	7	8	8
LUKE YOUNG	7	5	6	6
JOHN TERRY	7	5	7	6
RIO FERDINAND	7	6	6	6
WAYNE BRIDGE	5	5	4	5
DAVID BECKHAM	8	7	7	7
LEDLEY KING	7	5	6	7
FRANK LAMPARD	8	6	6	6
STEVEN GERRARD	8	7	7	7
WAYNE ROONEY	9	9	9	9
MICHAEL OWEN	7	8	8	8



PATRICK VIEIRA Segir að David Dein hafi ekki gefið sér annan kost en að fara frá Arsenal.

Patrick Vieira:

Arsenal vildi mig ekki lengur

FÓTBOLTI Patrick Vieira, leikmaður Juventus á Ítalíu, er harðorður í garð síns gamla félags Arsenal í nýttkominni ævisögu sinni en hann segir að liðið hafi ekki viljað hafa sig áfram.

Ummæli David Dein, varaformanns liðsins, urðu til þess að Vieira ákvað að fara: „Ég varð mjög reiður, undrandi og fúll,“ sagði Vieira sem segir að Dein hafi sagt að sér væri alveg sama hvort hann yrði áfram hjá liðinu eða ekki og að valið væri hans.

„Ég vissi að ef Arsenal vildi halda mér þá myndu þeir gera allt sem þeir gætu til þess en ekki láta Dein ráða því. Ég spurði hann hvað hann meinti og hann svaraði mér og sagði að þeir vildu bjóða mér góðan samning en mér var alveg sama um það, ég hugsaði bara um orð hans, að þeim væri alveg sama þótt ég færi. Ég sagði honum að ef það væri staða liðsins þá myndi ég fara og velja mér úr liðum þar sem ég gæti það. Klúbburinn lét skoðun sína í ljós og því fór sem fór.“

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

11 12 13 14 15 16 17

Mánudagur

SJÓNVARP

- 17.50 Ameríski fótboltinn á Sýn.
- 20.00 Meistaradeild Evrópu á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeildinni.
- 20.30 Strákarnir í Celtic á Sýn. Þáttur um Kjartan Henry Finnbogason og Theodor Elmar Bjarnarson leikmenn Celtic.
- 21.05 Maradona á Sýn. Þáttur um argentínsku knattspyrnuþáttgjafina Diego Maradona.
- 22.00 Olíspport á Sýn.
- 25.00 HM 2006 á Sýn. Sýnt frá leikjum helgarinnar í undankeppni heimsmeistarameistarans í knattspyrnu.

Umspilsleikirnir fyrir HM:

Úrugvæ var stálheppið

FÓTBOLTI Úrugvæ fer með eins marks forystu til Sydney eftir að Dario Rodriguez skoraði eina mark leiksins gegn Áströlum á Estadio Centenario, en þetta var fyrri leikur liðanna í umspilinunni um sæti á HM á næsta ári.

Ástralur voru betri aðilinn stóran hluta leiksins og Guus Hiddink, þjálfari Ástrala, var alls ekki sáttur eftir leikinn. „Við ræðum gangi leiksins í fyrri hálfleik en vorum ekki nógu ákveðnir til að klára verkefnið. Ég held að Úrugvæ muni verjast í Sydney, þeir kunna það vel og þetta verður mjög erfitt en þetta er í okkar höndum.“

Trinidad og Tobago fór illa að ráði sínu á heimavelli en liðið náði aðeins jafntefli gegn Barein. Christopher Birchall jafnaði fyrir heimamenn með glæsilegri aukaspurnun eftir að Salman Husei hafði komið Bahrain yfir. Það verður mikið í húfi fyrir bæði lið í seinni leiknum en hvorugt þeirra hefur komist á HM áður. - hph

ÚR SPORTINU

Franc Lampard, miðjumaður Chelsea og enska landsliðsins, segist reiðubúinn að binda sig Chelsea til enn lengri tíma en núverandi þriggja ára samningur hans nær til. Lampard, sem er einn launahæsti leikmaður liðsins, hefur staðið sig frábærlega í ár og eru mörg stórlíð í Evrópu að falast eftir kröftum hans. En Lampard vill hvergi annars staðar vera en hjá Chelsea. „Ég er samningsbundinn til 2009 en eftir nokkra mánuði mun ég banka á dyr Romans Abramovich og biðja um lengri samning. Hjá Chelsea hef ég allt til alls, rísa félag með stór markmið og bestu stuðningsmenn í heimi,“ segir Lampard.

Úkraínski hnefaleikakappinn Vitaly Klitschko segir að nýr bardagi við Lennox Lewis geti fengið hann af því að leggja boxhanskana á hilluna, en því lýsti Klitschko yfir í síðustu viku eftir að hafa farið í aðgerð á hné. Hinn 34 ára gamli Klitschko hefur hug á því að blanda sér í pólitíkina í heimalandi sínu en segir að hún fengi að biða ef Lewis myndi einnig taka hanskanu af hillunni og berjast við sig. „Hann er eini boxarinn sem skiptir mig einhverju máli. Ég myndi berjast við hann á stundinni ef hann hefur áhuga,“ segir Klitschko, sem einmitt tapaði fyrir Lewis í bardaga fyrir nokkrum árum.

Martin Jol, stjóri Tottenham, hefur gefið í skyn að hann hafi mikinn áhuga á landa sínum hjá Chelsea, vængmanninum Arjen Robben. Jose Mourinho er sagður óánægður með hversu langan tíma það tekur Robben að koma sér í sitt rétta form og ætla Jol að nýta sér tækifærið á meðan það gefst. „Ef það verða meiri vandamál hjá Robben og Mourinho þá mun ég gera mjög gott tilboð í hann. Tottenham er lið á hraðri uppleið og félagið á pening til að kaupa bestu leikmenn Evrópu,“ segir Jol.



Washington vann óvæntan sigur á meisturum San Antonio í NBA-deildinni í körfubolta í fyrrinótt, 110-95, en þetta var fimmti sigur Washington í síðustu sex leikjum liðsins. Gilbert Arenas átti stórleik fyrir Washington og skoraði 43 stig en það sem mesta

athygli vakti hjá San Antonio var arfa-slakur leikur Tim Duncan, en hann skoraði aðeins 11 stig og hitti úr 3 af 15 skotum sínum utan af velli. Önnur helstu úrslit voru þau að Dallas vann New Orleans 109-103, Houston lagði New Jersey 99-91 og Milwaukee bar sigurorð af Indiana, 103-102.

Spánverjar eru nánast komnir á HM eftir stórsigur um helgina:

Luis Garcia afgreiddi Slóvaka

FÓTBOLTI Luis Garcia, leikmaður Liverpool, var allt í öllu í stórleik Spánverja sem rótburstuðu Slóvaka 5-1 í fyrri umspilsleikjum liðanna um laust sæti á HM á næsta ári. Garcia skoraði frábæra þrennu auk þess að fiska vítaspurnu og rautt spjald en Fernando Torres skoraði örugglega úr henni. Garcia átti reyndar sök á marki Slóvaka en Szilard Nemeth komst inn í slaka sendingu hans til baka og minnkaði muninn. Garcia var svo skipt út af fyrir félagi sinn hjá Liverpool, Fernando Morientes sem kórónaði stórsigur Spán-

verja með lokamarki leiksins.

„Án vafa er þetta leikur sem alla knattspyrnumenn dreymir um. Bæði var þetta mjög mikilvægur leikur þar sem mikið var í húfi og þetta var minn fyrsti leikur í byrjunarliði landsliðsins og hann heppnaðist bara vel. Luis Aragones landsliðsþjálfari sýndi mér mikið traust og ég er virkilega ánægður að hafa svarað kallinu með svona góðum leik. Við höfum sýnt að við verðskuldum að fara á heimsmeistaramótið á næsta ári,“ sagði Luis Garcia um leikinn.

Svisslendingar komu nokkuð á óvart með auðveldum 2-0 sigri á Tyrkum en Philippe Senderos, leikmaður Arsenal, og Valon Behrami sáu um markaskorun heimamanna. Báðir eru þeir tvítugir að aldri og eru miklar vonir bundnar við þá sem lykilmenn liðsins í framtíðinni. Svisslendingar vörðust vel í leiknum og lögðu áherslu á að fá ekki á sig mark en þeir skoruðu síðan úr föstu leikatriði og skyndisókn og því virkaði leikaðferð þeirra fullkomlega og eru þeir í góðri stöðu fyrir síðari leikinn á miðvikudag.



PRENNA Í FYRSTA LEIKNUM Luis Garcia réð sér ekki fyrir kæti eftir að hafa skorað mörkin í gær. FRETTLADÍD/AP

Jólatilboð

Þegar keypt er Bluconfort rafmagnsrúm, fylgir gaff og rúmgrind í kaupbæti á meðan birgðir endast.



Ópið virka daga: 10-18 og laugard. 11-15

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Meistaradeildin í handbolta:

TORGGLER-HAUKAR	31-27
Jón Karl Björnsson var markahæstur Hauka með átta mörk en Freyr Brynjarsson skoraði fimm.	
KOLDING-KIEL	33-35
CIUDAD REAL-FOTEX VESPREM	34-23
PELISTER BITOLA-RK ZAGREB	30-31
PARIS HANDBALL-FLENSBURG	33-31

LOKASTAÐAN Í C-RÍÐLÍNUM:

AARHUS	6	5	0	1	183-165	10
GP VALENJE	6	4	0	2	202-149	8
TORGGLER	6	3	0	3	166-204	4
HAUKAR	6	0	0	6	160-193	2

LOKASTAÐAN Í A-RÍÐLÍNUM:

MONTPELLIER	6	4	0	2	182-170	8
MAGDEBURG	6	4	0	2	191-169	8
C. MEDVEDI	6	3	0	3	192-184	6
BREGENZ	6	1	0	5	162-204	2

LOKASTAÐAN Í B-RÍÐLÍNUM:

CELJE LASKO	6	5	0	1	191-143	10
ADEMAR LEON	6	4	0	2	179-160	8
SAVEHOF	6	3	0	3	156-180	6
SONY ATHENS	6	0	0	6	145-188	0

LOKASTAÐAN Í D-RÍÐLÍNUM:

BARCELONA	6	6	0	0	193-149	12
PICK SZEGED	6	3	0	3	161-150	6
ZAPOROZHJE	6	1	1	4	160-174	6
LUBUSKI	6	1	1	4	148-149	3

LOKASTAÐAN Í E-RÍÐLÍNUM:

KIEL	6	5	0	1	212-180	10
KOLDING	6	4	0	2	188-175	8
WISLA PLOCK	6	2	0	4	155-182	4
B. MESHKOV	6	1	0	5	165-183	2

LOKASTAÐAN Í F-RÍÐLÍNUM:

CIUDAD REAL	6	5	0	1	203-147	10
FOTEX VESP.	6	5	0	1	206-165	10
TATRAN P.	6	1	0	5	154-201	2
D. BUCHAREST	6	1	0	5	148-198	2

LOKASTAÐAN Í G-RÍÐLÍNUM:

PORTLAND	6	5	0	1	180-127	10
RK ZAGREB	6	4	1	1	163-143	9
SCHAFFK.	6	1	1	4	160-181	3
BITOLA	6	1	0	5	139-191	2

EHF-keppnin í handbolta:

VALUR-SKÖVDE 24-22

Mörk Vals: Baldvín Þorsteinsson 5/1, Mohamadi Loutoufi 5, Ingvar Árnason 3, Fannar Friðgeirsson 3, Atli Steinþórsson 2, Davíð Höskuldsson 2, Kristján Karlsson 2, Hjalti Pálmason 1, Elvar Friðriksson 1.

Varin skot: Pálmari Pétursson 19/1.

Mörk Skövde: Jasmin Jonic 7, Linus Lake 4, Vegard Somdahl 3, Mattias Gustavsson 3, Marcus Wallgren 3, Marcus Litborn 1, Magnus Jörðström 1.

Varin skot: Johan Green 16/2.

Valur tapaði fyrri leiknum 35-28 og 52-57 samantlagt og er því úr leik.

Iceland Express-deild karla:

ÍR-NJARÐVÍK 70-81

Stíg ÍR: Ales Zivanovic 15, Eiríkur Ónundarson 13, The Dixon 12 (12 fráköst, 7 stoðs.), Ómar Örn Sævarsson 10, Ólafur J. Sigurðsson 10, Sveinbjörn Claessen 10.

Stíg Njarðvíkur: Jeb Ivey 20 (7 stoðs., 6 fráköst), Brenton Birmingham 16, Friðrik Stefánsson 13 (12 fráköst), Halldór Karlsson 11, Jóhann Ólafsson 8, Guðmundur Jónsson 7, Egill Jónsson 6.

HAMAR/SELFOSS-SKALLAGRÍMUR 75-109

Stíg Hamars/Selfoss: Clifton Cook 24 (8 frák.), Hallgrímur Brynjólfsson 14, Atli Gunnarsson 10, Friðrik Hreinsson 10, Svavar Pálsson 10, Rúnar Sævarsson 2 (14 frák.), Bragi Bjarnason 2, Tryggvi Úlfsson 2.

Stíg Skallagríms: Christopher Marker 37 (11 frák.), Dimitar Karadzovski 20, Axel Kárasen 16, Jovan Zdravevski 15, Pétur Sigurðsson 10, Finnur Jónsson 6, Halþór Gunnarsson 4, Bjarni Kristmannsson 1.

KEFLAVÍK-HAUKAR 81-77

SN/EFELL-FJÖLNIR 130-94

GRINDAVÍK-HÖTTUR 108-70

STAÐAN:

NJARÐVÍK	6	6	0	467-339	12
GRINDAVÍK	6	5	1	598-492	10
KEFLAVÍK	4	4	0	358-325	8
FJÖLNIR	6	4	2	553-540	8
KR	5	3	2	412-368	6
ÍR	6	3	3	514-527	6
SKALLAGRÍM.	6	3	3	456-450	6
HAMAR/SELF.	6	2	4	500-600	4
SN/EFELL	5	2	3	485-469	2
PÓR AK.	5	1	4	404-464	2
HÖTTUR	5	0	5	379-394	0
HAUKAR	6	0	6	469-537	0

Nýr útlendingur til KR:

Westley til KR

KÖRFUBOLTI KR-ingar hafa samið við bandarískan leikmann, Omar Westley að nafni, sem mun spila með liðinu út þetta keppnistímabil. Westley kemur í stað Ashley Champion sem snéri til síns heima í síðustu viku vegna meiðsla.

Westley er 23 ára gamall framherji sem þykir einkar öflugur frákastari. Á lokaári sínu fyrir Cleveland-State háskólann tók hann 14 slík að meðaltali í leik og skoraði auk þessum tæp 20 stig að meðaltali. - vig

Njarðvík enn með fullt hús

Njarðvík vann góðan 80-71 sigur á ÍR í Seljaskóla í gærkvöld og hefur unnið alla sex leiki sína í Iceland-Express deildinni til þessa.

KÖRFUBOLTI „Maður er alltaf ánægður með að taka öll stig og það er ekkert öðruvísi í dag. Ég er fyrst og fremst ánægður með sigurinn en mér finnst við samt sem áður eiga nokkuð mikið inni.“ sagði Friðrik Stefánsson, leikmaður Njarðvíkur, eftir sigurinn gegn ÍR í Iceland-Express deildinni í körfubolta í gær.

Friðrik átti góðan leik og skoraði þrettán stig og tók tólf fráköst en Jeb Ivey var stigahæstur með tuttugu stig. Njarðvíkingar voru með yfirhöndina allan leikinn og voru alltaf skrefinu á undan ÍR sem tókst aldrei að jafna leikinn þrátt fyrir mikla baráttu undir lokin.

„Við getum ennþá bætt okkur sem lið það er engin spurning en það var sterkt að sigra ÍR á þeirra eigin heimavelli. ÍR er með gott lið sem er mjög grimmt og þeir eru duglegir allan leikinn og gerðu okkur mjög erfitt fyrir. Þeir fara langt á dugnaðnum og spila fína pressuvörn sem við leystum þó vel í þessum leik. Það eru nokkrir litlir hlutir sem við þurfum að laga og þeir láta okkur bara láta betur út seinna. Við misstum aðeins dampinn í byrjun seinni hálfleiks en svo fórum við að gera aftur það sem við gerum best og sigurinn var nú nánast aldrei í hættu.“ sagði Friðrik við Fréttablaðið eftir leikinn.

„Þetta var ágætis leikur hjá okkur gegn mjög sterku liði en það vantaði ekki mikið uppá að við næðum að gera þetta spennandi hérna undir lokin.“ sagði Eiríkur Ónundarson leikmaður ÍR eftir leikinn. Eiríkur skoraði þrettán stig og fór fyrir sínum mönnum sem börðust eins og grenjandi ljón



ÞETTA ER MITT FRÁKAST Risinn í liði Njarðvíkur, Egill Jónsson, var staðráðinn í því að ná þessu frákasti í leiknum gegn ÍR-ingum í Seljaskóla í gærkvöld. Egill átti ágætis leik, skoraði sex stig og tók sjö fráköst. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

allt til loka.

„Baráttan var til staðar nánast allan leikinn og það skilaði sér en sóknarleikurinn var ekki allur nógu góður. Við þurfum ekkert að skammast okkar fyrir að tapa hér gegn Njarðvík, við höldum haus allan leikinn og komum tvisar til baka eftir að hafa lent undir og

hættum aldrei. Við eigum samt sem áður að gera betur en með leik eins og þessum eigum við að geta unnið flest ef ekki öll önnur lið. Við vorum ekki að hitta alveg eins og við eigum að okkur en að öðru leiti var ég tiltörulega sáttur við allt í dag nema tapið.“ sagði Eiríkur að lokum. - hþ

Haukar biðu í lægri hluti fyrir Torggler á Ítalíu í Meistaradeildinni gær:

Evrópudraumurinn úti fyrir Hauka

HANDBOLTI Haukar eru úr leik í Evrópukeppninni í handbolta í ár eftir að hafa tapað fyrir ítalska liðinu Torggler Meran ytra í gær, 31-27. Um var að ræða úrslitaleik um hvort liðið fengi þátttökurétt í EHF-keppninni en fyrir leikinn var ljóst að þeir yrðu á brattann að sækja fyrir Haukamenn. Ítalirnir náðu mest sex marka forystu í fyrri hálfleik en þegar gengið var til búningsklefa var staðan 17-12, Torggler í vil.

Haukamenn komu vel stemmdir til leiks í síðari hálfleik og náðu jafnt og þétt að saxa á forskot heimamanna og þegar 11 mínútur voru eftir náði Guðmundur Petersen að jafna metin, 23-23. Þá gáfu Ítalirnir í að nýju,

leikinn í gær, en eins og svo oft áður var það slakur fyrri hálfleikur sem varð Haukum að falli í gær.

Heimamenn komust í 9-5 strax eftir rúmlega 10 mínútna leik og þar með var strax orðið ljóst að það yrði á brattann að sækja fyrir Haukamenn. Ítalirnir náðu mest sex marka forystu í fyrri hálfleik en þegar gengið var til búningsklefa var staðan 17-12, Torggler í vil.

Haukamenn komu vel stemmdir til leiks í síðari hálfleik og náðu jafnt og þétt að saxa á forskot heimamanna og þegar 11 mínútur voru eftir náði Guðmundur Petersen að jafna metin, 23-23. Þá gáfu Ítalirnir í að nýju,

komust í 27-24 á aðeins fjórum mínútum og svo fór að þeir unnu leikinn að lokum, 31-27.

„Ef ég vissi hvað væri að hjá okkur í fyrri hálfleikjunum í þessari keppni værum við ekki í þessari stöðu. Við sýnum karakter með því að jafna en ég vil meina að það hafi gerst of fljótt, menn halda að þetta sé bara komið og átta sig ekki á að það eru 10 mínútur eftir. Þetta datt þeirra megin á lokakafanum í dag og að sjálfsögðu eru það mikil vonbrigði.“ sagði Páll enn fremur. Jón Karl Björnsson var markahæstur hjá Haukum í gær með átta mörk en næstur kom Freyr Brynjarsson með fimm mörk. - vig

Valur mætti Skövde í EHF-keppninni í handbolta í gær:

Úr leik þrátt fyrir sigur

HANDBOLTI „Ég er stoltur af strákunum og nú kom baráttan sem býr í þessu liði bærillega í ljós.“ sagði Óskar Bjarni Óskarson, þjálfari Vals, við Fréttablaðið eftir 24-22 sigur Valsmanna á Skövde í Laugaraldshöllinni í gær en Svíarnir unnu samtals með fimm mörkum. Mikil stemning var í Höllinni en bæði Valsmenn og Svíar fjölmenntu á pallana og skemmtu sér konunglega.

„Nú small vörnin en þeir náðu að draga hraðann aðeins niður og við náðum ekki að keyra á þá eins og við vildum. En við unnum leikinn og það er mjög gott. Ég er fyrst og fremst stoltur af varnarleiknum í dag en við byggjum á þessu og þetta fer beint í reynslubankann. Við stefndum auðvitað á að komast áfram en þrjár umferðir er bara mjög gott í ár og við förum bara lengra á næsta ári og þá vonandi í Meistaradeildinni.“ sagði Óskar Bjarni brosmildur að lokum.

Pálmari Pétursson, markmaður Vals, varði níttján skot í markinu og átti mjög góðan leik. „Þetta var gott í dag en við klúðruðum þessu með hrikalegum sóknarleik, sérstaklega framan af leik. Vörnin var í toppstandi en það var aðallega sóknin sem klickaði í dag. Þeir kaffærðu okkur í hraðaupp-hlaupum í byrjun leiks og skoruðu sex mörk en ef við hefðum náð að stoppa það þá hefði þetta komið. Við erum alls ekki lakari en þetta lið. Við klúðruðum þessu úti og töpuðum með sjö mörkum sem var alltof stórt. Þar var sóknarleikurinn líka að klicka. Þetta var mjög skemmtilegt í dag og við sýndum að við getum vel unnið þetta lið.“ sagði Pálmari.

Pálmari var besti maður Vals í leiknum en vörnin á þó stærstan hlut í sigrinum en hún hreinlega lokaði á Svíana sem komust oft hvorki lönd né strönd. Sóknarleikur liðsins var þó brothættur og oft á tíðum bar á óskynsemi og



HÁLSTAK Mohamadi Loutoufi fékk óblíðar viðtökur frá Magnus Jörðström, leikmanni Skövde, þegar hann gerði atögu að vörn liðsins í leiknum í gær. Jörðström fékk að sjálf-sögðu tvær mínútur fyrir uppþækid.

fljótferni sem gerði markmanni gestanna auðvelt fyrir að verja skot Valsmanna. Baldvín Þorsteinsson og Mohamadi Loutoufi

Iceland-Express deildin:

Aftur frestun vegna leka

KÖRFUBOLTI Ekkert varð af leik Þórs og KR í Iceland-Express deildinni í körfubolta sem átti að fara fram í gærkvöld vegna leka á þaki íþróttahallarinnar á Akureyri. Þetta er í annað skipti á stuttum tíma sem að fresta þarf leik norðan heilda vegna leka í íþróttahúsi en í síðustu viku fóru leikmenn Keflavíkur í fýluferð til Egilsstaða þar sem leikurinn gat ekki farið fram vegna vatnslags á gólfi íþróttahússins.

Forráðamenn KKÍ náðu þó að láta KR-inga vita í tæka tíð í þetta sinn og fékk Herbert Arnarson, þjálfari KR, símtalið frá Birni Leósyni hjá KKÍ þegar hann var að leggja í stæðið á Reykjavíkurlflugvelli. „Ég hélt náttúrulega að hann væri að grínast í fyrstu en svo var ekki. En það var enginn skaði skeður.“ sagði Herbert og hló. Ákveðið hefur verið að leikurinn fari fram annað kvöld kl. 19.15. - vig



SVEN-GÖRAN ERIKSSON Mjög ánægður með liðið sitt þessa dagana.

Sven-Göran Eriksson:

Besti hópur sem ég hef haft

